

**Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis um þátttöku Hauck & Aufhäuser í einkavæðingu
Búnaðarbanka Íslands hf. árið 2003**

8. VIÐAUKAR (vefútgáfa)

**Viðauki 6 Bréf með fyrirspurnum nefndarinnar til einstaklinga á grundvelli
2. mgr. 7. gr. laga nr. 68/2011 og svör við þeim bréfum**

Bréfin og svörin eru birt í einu lagi með þeim hætti að bréf nefndarinnar til hvers og eins af eftirfarandi aðilum og svarbréf viðkomandi til nefndarinnar standa saman. Það athugast að engin svör bárust við fyrirspurnum nefndarinnar til Kristjáns Loftssonar og Hauck & Aufhäuser.

Röð bréfanna og svaranna er eftirfarandi:

- 1 Bréf rannsóknarnefndarinnar til Ólafs Ólafssonar, dags. 13. mars 2017, og svarbréf Ólafs, dags. 20. mars 2017.
- 2 Bréf rannsóknarnefndarinnar til Guðmundar Hjaltasonar, dags. 13. mars 2017, og svarbréf Guðmundar, dags. 20. mars 2017.
- 3 Bréf rannsóknarnefndarinnar til Hreiðars Más Sigurðssonar, dags. 13. mars 2017, og svarbréf Hreiðars Más, dags. 20. mars 2017.
- 4 Bréf rannsóknarnefndarinnar til Sigurðar Einarssonar, dags. 13. mars 2017, og svarbréf Sigurðar, dags. 20. mars 2017.
- 5 Bréf rannsóknarnefndarinnar til Steingríms Kárasonar, dags. 13. mars 2017, og svarbréf Steingríms, dags. 20. mars 2017.
- 6 Bréf rannsóknarnefndarinnar til Bjarka Diego, dags. 13. mars 2017, og tölvupóstur með svari Bjarka, dags. 20. mars 2017.
- 7 Bréf rannsóknarnefndarinnar til Magnúsar Guðmundssonar, dags. 13. mars 2017, og svarbréf Magnúsar, dags. 20. mars 2017.
- 8 Bréf rannsóknarnefndarinnar til Kristínar Pétursdóttur, dags. 15. mars 2017, og tölvupóstur með svari Kristínar, dags. 21. mars 2017.
- 9 Bréf rannsóknarnefndarinnar til Ágústs Guðmundssonar, dags. 15. mars 2017, og svarbréf Ágústs, dags. 21. mars 2017.
- 10 Bréf rannsóknarnefndarinnar til Lýðs Guðmundssonar, dags. 15. mars 2017, og svarbréf Lýðs, dags. 21. mars 2017.

- 11 Bréf rannsóknarnefndarinnar til Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGaA, dags. 14. mars 2017.
- 12 Bréf rannsóknarnefndarinnar til Kristjáns Loftssonar, dags. 15. mars 2017.

Reykjavík 13. mars 2017

Hr. Ólafur Ólafsson
Skrifstofur Samskipa
Kjalarvogi 7-15
104 Reykjavík.

Vísað er til fyrri samskipta vegna rannsóknar sem Alþingi samþykkti ályktun um 2. júní 2016 á þátttöku þýska bankans Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGaA („Hauck & Aufhäuser“) í kaupum á 45,8% eignarhlut ríkisins í Búnaðarbanka Íslands hf.

Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 68/2011, er sérhverjum, jafnt einstaklingum, stofnunum sem lögaðilum, skylt að verða við kröfu rannsóknarnefndarinnar um að láta í té gögn sem hún fer fram á. Í 2. mgr. 7. gr. er jafnframt kveðið á um að sömu aðilum og greinir í 1. mgr. sé jafnframt skylt að verða við óskum rannsóknarnefndar um að skýra skriflega frá athöfnum sínum og svara skriflega fyrirspurnum hennar.

Í ljósi upplýsinga og gagna sem nefndin hefur aflað við rannsókn sína, og þess sem slík gögn og upplýsingar sýna fram á um framangreint rannsóknarefni nefndarinnar, telur nefndin rétt, áður en vinnu við skýrslu nefndarinnar lýkur, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 68/2011, að leita eftir frekari skýringum yðar um ákveðin atriði. Sú ósk er sett fram með vísan til áðurnefnds ákvæðis 2. mgr. 7. gr. laga nr. 68/2011.

Tilfni þessa er að gögn og upplýsingar rannsóknarnefndarinnar sýna að dagana áður en skrifað var undir kaupsamning Eglu hf. og annarra lögaðila (það er hins svonefnda S-hóps) um kaup á hlut íslenska ríkisins í Búnaðarbankanum hf. 16. janúar 2003, stóð hópur manna að gerð tveggja samninga varðandi hluti Hauck & Aufhäuser í Eglu hf. á milli annars vegar Hauck & Aufhäuser og hins vegar afgangsfélagsins Welling & Partners Limited, skráðu á Bresku-Jómfrúareyjum, sem Kaupþing hf. útvegaði til að standa að samningunum. Annar

samningurinn var svonefndur söluréttarsamningur (e. Put Option Agreement) og hinn varðaði veð- og tryggingaráðstafanir vegna þessarar samningagerðar (e. Pledge and Security Agreement). Í þeim hópi manna sem stóð að gerð þessara samninga voru í fyrsta lagi nokkrir starfsmenn Kaupþings hf. á Íslandi og dótturfélags þess, Kaupthing Luxembourg S.A. í Lúxemborg; í öðru lagi menn sem rannsóknarnefndin telur ljóst að voru þar fulltrúar yðar, einkum þá Guðmundur Hjaltason, þáverandi framkvæmdastjóri hjá Samskipum hf.; og í þriðja lagi starfsmenn Hauck & Aufhäuser, einkum þá Martin Zeil, þáverandi forstöðumaður lögfræðideildar bankans.

Ekki verður séð að íslenska ríkið eða aðrar stofnanir þess hafi á nokkru stigi verið upplýst um gerð þessara samninga, efni þeirra og áhrif, sem og atvik varðandi síðari framkvæmd þeirra. Af gögnum sem rannsóknarnefndin hefur undir höndum verður hins vegar ráðið að þér hafið verið viðriðinn gerð samninganna.

Samkvæmt þeim gögnum sem rannsóknarnefndin hefur undir höndum fólu þessir samningar í meginatriðum í sér að þátttaka Hauck & Aufhäuser gegnum Eglu hf. í kaupum á umræddum hlut ríkisins í Búnaðarbankanum var í reynd aðeins að nafni til. Rannsóknarnefndin telur ekki verða annað ráðið af þessum gögnum en að fjárfesting Hauck & Aufhäuser í gegnum Eglu hf. í, og síðar með sama hætti eignarhald á, hlutum í Búnaðarbankanum hafi vegna ákvæða fyrrgreindra samninga aðeins verið til málamynda og tímabundið. Þá verður ekki annað séð af sömu gögnum en að þýska bankanum hafi verið tryggt skaðleysi af þátttöku sinni í þessum viðskiptum, hann hafi enga fjárhagslega áhættu tekið með þeim og fjárhagslegir hagsmunir bankans af þeim hafi takmarkast við þökun sem samið var um samkvæmt samningunum en öll hagnaðarvon af umræddum hlutum í Eglu hf. þess í stað verið áskilin gagnaðila bankans að samningunum, það er fyrrgreindu aflandsfélagi, Welling & Partners Limited.

Rétt er að fram komi að rannsóknarnefndin hefur einnig undir höndum gögn sem varpa ljósi á síðari framkvæmd fyrrgreindra tveggja samninga samkvæmt efni sínu og ráðstafanir sem þeim tengdust, meðal annars af hálfu starfsmanna Kaupþings hf. og Kaupthing Bank Luxembourg S.A. Má þar einkum nefna viðskipti milli Hauck & Aufhäuser og Welling & Partners Limited með umrædda hluti í Eglu hf. sem fóru fram á grundvelli

ákveða samninganna á næstu misserum eftir gerð þeirra og fjárhagslegt uppgjör sem að endingu átti sér stað á hagnaði aflandsfélagsins vegna þeirra viðskipta.

Í væntanlegri skýrslu rannsóknarnefndarinnar um rannsókn sína verður gerð grein fyrir framangreindum atvikum og tengdum atvikum í samræmi við fyrirbyggjandi gögn og upplýsingar rannsóknarnefndarinnar.

Í ljósi þess sem að framan er rakið er óskað eftir að þér upplýsið rannsóknarnefndina um eftirfarandi atriði og svarið neðangreindum spurningum, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 168/2011:

1. Hvers vegna voru þessir samningar gerðir?
2. Hver átti frumkvæði að gerð þeirra?
3. Hver eða hverjir áttu einkum þátt í að ákveða meginefni þessara tveggja samninga, sbr. lýsingu á því hér á undan, eða lögðu það fyrst til?
4. Hvers vegna hefur aldrei verið upplýst opinberlega um efni samninganna og aðkomu Kaupþings hf.?
5. Hvaða aðilar báru í reynd og endanlega þá fjárhagslegu áhættu af viðkomandi hlutum í Eglu hf. sem Hauck & Aufhäuser hefði ella borið án tilkomu samninganna tveggja og hverjir nutu þess fjárhagslega ávinnings af viðskiptum með viðkomandi hluti í Eglu hf. sem Hauck & Aufhäuser hefði annars á sama hátt fallið í skaut?

Ef þeir aðilar sem báru áhættuna og áttu rétt til ávinningsins voru lögaðilar er óskað eftir að þér upplýsið um hvort yður sé kunnugt um hvaða einstaklingar stóðu að baki þeim lögaðilum. Ef yður er ekki kunnugt um eða rekur ekki minni til þess hvaða lögaðilar eða einstaklingar nutu endanlega fjárhagslegs ávinnings af umræddum viðskiptum er óskað eftir að þér upplýsið um hvaða lögaðilar eða einstaklingar var við undirbúning og gerð samninganna fyrirhugað að myndu njóta slíks ávinnings ef einhver yrði.

6. Nutuð þér sjálfur fjárhagslegs ávinnings af þeim viðskiptum með viðkomandi hluti í Eglu hf. sem áttu sér stað á grundvelli samninganna á misserunum eftir gerð þeirra?

7. Þekkið þér til aðildar félags með heitinu Dekhill Advisors Limited, skráð á Bresku-Jómfrúareyjum 25. júlí 2005? Ef og að því marki sem svo kann að vera óskar nefndin þess að þér gerið í meginatriðum grein fyrir vitneskju yðar um það félag. Einkum er þá átt við, ef því er að skipta, í fyrsta lagi hvaða einstaklingar séu eða hafi verið raunverulegir eigendur þess (sem sagt endanlega, þ. á m. þá hugsanlega í gegnum aðra lögaðila) eða kynnu á öðrum grundvelli að vera eða hafa verið haghafar að eignum félagsins og í öðru lagi að þér upplýsið nefndina um allar þær ráðstafanir á eignum félagsins sem yður kann að vera kunnugt um.

8. Getið þér gert grein fyrir aðkomu yðar að aðildarfélaginu Marine Choice Limited og Serafin Shipping Corp, sem og því hvernig þau félög tengdust þeim atvikum sem rakin hafa verið hér að framan?

Yður er hér með veittur frestur til kl. 15:00 mánudaginn 20. mars nk. til senda skriflegt svar við þessu bréfi á netfangið kjartan.bjorgvinsson@rna.is, þar sem Alþingi hefur ályktað að rannsókn nefndarinnar skuli ljúka svo fljótt sem verða má, sbr. ályktun Alþingis frá 15. desember 2016 um breytingu á ályktun Alþingis nr. 40/145, um rannsókn á erlendra þátttöku í kaupum á 45,8% eignarhlut í Búnaðarbanka Íslands hf. o.fl., verða ekki veittir frekari frestir til að svara þessu bréfi.

Hafi svar yðar við bréfi nefndarinnar ekki borist innan þessa frests mun rannsóknarnefnd Alþingis líta svo á að þér hafið kosið að svara ekki bréfinu. Áréttuð ber að þar sem fyrirspurnum rannsóknarnefndarinnar er beint til yðar persónulega og þær lúta að vitnisburði um málsatvik sem þér hafið upplifað af eigin raun væntir nefndin þess að þér undirritið í eigin nafni svarbréf yðar til nefndarinnar enda væri annað, að mati nefndarinnar, ekki í samræmi við áður nefnt ákvæði 2. mgr. 7. gr. laga nr. 68/2011 sem fyrirspurnir nefndarinnar byggjast á eða öðrum ákvæði sömu laga sem varða upplýsingaöflun og upplýsingagjöf til rannsóknarnefndar. Berist svar undirritað af öðrum en yður mun nefndin því ekki eiga annan kost en að líta svo á að þér hafið þar með kosið að svara ekki bréfi nefndarinnar.

Vakin er athygli á að ákvæði 4. mgr. 10. gr. laga nr. 68/2011 mælir fyrir um undantekningar frá m.a. skyldum til að afhenda gögn eða veita upplýsingar samkvæmt 7. gr. sömu laga. Líkt og komið hefur fram byggjast ofangreindar fyrirspurnir nefndarinnar á 2. mgr. 7. gr. Vísað er nánar til ákvæða 4. mgr. 10. gr. laganna að þessu leyti.

Virðingarfyllst,

f.h. rannsóknarnefndar Alþingis


Kjartan Bjarni Björgvinsson

Birt ____ mars 2017, kl.

Ólafur Ólafsson

Rannsóknarnefnd Alþingis
Austurstræti 14
101 Reykjavík

Sent með tölvupósti á netfangið kjartan.bjorgvinsson@rna.is

Reykjavík, 20. mars 2017

Efni: Skýringar Ólafs Ólafssonar við bréfi dags 13. mars sl.

Vísad er til bréfs þíns þar sem óskað er eftir frekari skýringum undirritaðs um ákveðin atriði á þátttöku þýska bankans Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGaA í kaupum á 45,8% eignarhlut ríkisins í Búnaðarbanka Íslands hf. með vísan 2. mgr. 7. gr. laga nr. 68/2011.

Um er að ræða viðskipti sem áttu sér stað fyrir um 14 árum síðan. Þrátt fyrir beiðnir þess efnis hafa gögn málsins ekki verið afhent. Erindum lögmanns míns þar sem óskað hefur verið eftir afhendingu gagnanna hefur ekki einu sinni verið svarað. Eðli málsins samkvæmt er aðgangur að gögnum málsins grundvallarforsenda þess að unnt sé að veita sem gleggstar upplýsingar um málið en hafa ber í huga að langt er um liðið frá því að viðskiptin fóru fram. Aðgangur að gögnum er einnig forsenda þess að unnt sé að ganga úr skugga um að lýsing rannsóknarnefndar á málsatvikum sé rétt.

Mikilvægt er að fram komi að engum blekkingum var beitt gagnvart ríkinu þegar eignarhlutur þess í Búnaðarbankanum var keyptur árið 2003 og allar umbeðnar upplýsingar voru veittar. Einnig er mikilvægt að fram komi að Egla hf. uppfyllti að öllu leyti skilyrði sem fram komu í kaupsamningi sem undirritaður var við íslenska ríkið. Þá er mikilvægt að hafa í huga að S - hópurinn svonefndi bauð hæsta verðið í hlutaféð og að ríkið fékk kaupverðið að fullu greitt. Tilhoð S - hópsins var untalsvert hærra en annarra aðila.

Ekki var áskilið að erlendir aðilar kæmu að viðskiptunum. Á fundi einkavæðingarnefndar 28. ágúst 2002 var spurt hvort það breytti stöðu S - hópsins ef erlend aðkoma yrði að honum. Ólafur Davíðsson, formaður einkavæðingarnefndar, svaraði því "að svo væri ekki, en hins vegar væri gefinn plús fyrir erlenda peninga". Ummæli Ólafs voru bókuð í fundargerð.

Vilji forsvarsmanna S - hópsins stóð til þess að fá erlenda fjármálastofnun til liðs við hópinn sem fjárfesti eða ráðgjafa. Franski bankinn Société Générale sýndi verkefninu nokkurn áhuga og ákvað í fyrstu að koma að verkefninu sem ráðgjafi. Síðar varð breyting á afstöðu franska bankans og lýsti bankinn yfir áhuga á að tilheyra hópnum sem fjárfestir. Þessi áhugi kom fram í bréfi bankans, undirritað af Michael Sautter, til HSBC, dags. 4. nóvember 2002.

Í mati HSBC bankans á mögulegum kaupendum kom S - hópurinn best út. Undirritaður reiknar með að mat HSBC sé meðal þeirra gagna sem rannsóknarnefndin hafi undir höndum og muni fjalla um í skýrslu sinni. Þar kemur fram að S - hópurinn hafi fengið

hærri einkunn heldur en keppinauturinn, óháð því hver þátttaka erlends aðila kynni að verða, en um það var óvissa. Í niðurstöðu HSBC segir m.a.:

"In making the assessment, the uncertainty surrounding the involvement of the international financial institution(s) has been taken into account and it has been concluded that the S-Group submission is marginally more attractive, even in the event that an equity investment by an international financial institution would not be part of the final deal."

Í rannasamkomulagi (Heads of Agreement) sem undirritað var milli einkavæðingarnefndar og fulltrúa S – hópsins var gert ráð fyrir að Egla hf. yrði í eigu Kers hf., Samvinnutrygginga og mögulega franska bankans eða annarrar erlendrар fjármálastofnunar. Síðar féll franskі bankinn frá þeim áformum vegna atvrida sem vörðuðu ekki viðskiptin. Ákvörðunina tilkynnti fulltrúi franska bankans á stjórnarfundі í Keri 11. desember 2003 (sjá fundargerð) og lét þess sérstaklega getið að viðskiptalegar forsendur kaupanna væru ásættanlegar þrátt fyrir að greining bankans á sambærilegum hönkum í Norður-Evrópu gæfi til kynna að hægt væri að fjárfesta á mun ásættanlegri kjörum þar en samið hafði verið um í rannasamkomulaginu við íslensk stjórnvöld. Verðið sem íslensk stjórnvöld fengu fyrir eignarhlutinn var því gott.

Í kjölfarið tók franskі bankinn að sér að finna áhugasama erlenda fjárfesta í sinn stað. Fjórir evrópskir bankar komu til álita af hálfu Société Générale og var Hauck & Aufhäuser einn þeirra. Ráðgjafi einkavæðingarnefndar hjá HSBC var upplýstur um stöðu mála. Að endingu var niðurstaðan að velja Hauck & Aufhäuser sem meðfjárfesti og greiddi þýski bankinn fyrir hlutfé sitt í Eglu með eiginfjárframlagi í formi reiðuljár.

Meðal gagna sem afhent hafa verið stjórnvöldum er staðfesting frá Hauck & Aufhäuser á því að bankinn hafi átt hlut í Eglu og staðfesting frá KPMG endurskoðunarfyrirtæki bankans í Þýskalandi þess efnis að bankinn hafi fært bréfin í ársreikning Hauck & Aufhäuser á því tímabili sem bankinn átti hlut í Eglu. Frá upphafi lá fyrir af hálfu þýska bankans að um skammtímafjárfestingu væri að ræða.

Michael Sautter, fyrrum starfsmaður Société Générale, kom fram fyrir hönd Hauck & Aufhäuser gagnvart Eglu og sat jafnframt í stjórn félagsins sem fulltrúi þýska bankans frá 10. janúar 2003 og fram að aðalfundi félagsins sem haldinn var 27. mars 2004. Sautter var einnig kjörinn af aðalfundi Búnaðarbankans sem einn af fulltrúum S – hópsins í bankaráð bankans. Síðar var Peter Gatti, framkvæmdastjóri og einn eigenda Hauck & Aufhäuser, kjörinn í stjórn Eglu og stjórn Kaupþings Búnaðarbanka hf. í stað Sautter.

Eftir því sem undirritaður kemst næst annaðist Michael Sautter öll samskipti fyrir hönd Hauck & Aufhäuser gagnvart Kaupþingi. Undirritaður tók ekki þátt í samningaviðræðum þeim sem lýst er í bréfi nefndarinnar og enginn fulltrúi á mínum vegum var aðili að þeim. Ég hafði ekkert innlegg í samningaviðræðurnar og hef ekki séð þá samninga sem samningsaðilar gengu frá sín á milli. Af þessum sökum er ég ekki í aðstöðu til að svara spurningum um samninga

Kaupþings og Hauck & Aufhäuser. Ef að mér hafa borist upplýsingar um eða afrit af tölvupóstssamskiptum milli fulltrúa Hauck & Aufhäuser og Kaupþings þar sem viðskiptin voru til umræðu þá rekur mig ekki minni til þess. Hvorki ég né fyrirtæki í beinni eða óbeinni eigu minni voru aðilar að samningnum. Samningarnir voru eðli málsins samkvæmt alfarið á förræði þeirra aðila sem þá undirrituðu. Hafi efni þeirra verið tilkynningaskylt hér á landi eða erlendis þá var það hlutverk samningsaðilanna að upplýsa um efni þeirra. Rétt er að taka fram að fulltrúar S – hópsins voru aldrei spurðir um fjármögnun Hauck & Aufhäuser. Öll samskipti við ríkið voru í samræmi við þá samninga sem undirritaðir voru og öllum spurningum sem beint var að hópnum var svarað með fullnægjandi hætti.

Samkvæmt samþykktum Eglu var óheimilt að veðsetja hlutabréf félagsins án samþykkis stjórnar. Beiðni um veðsetningu hlutafjár félagsins barst aldrei til stjórnar félagsins. Hlutfé Hauck & Aufhäuser var því alla tíð óveðsett. Gagnvart Eglu kom Hauck & Aufhäuser ávallt fram sem eigandi hlutabréfanna og fór með atkvæðisrétt fyrir þá hluti innan Eglu. Samkvæmt kaupsamningnum við ríkið ábyrgðust hluthafar Eglu hver fyrir sig framlag sitt til eigin fjár Eglu sem nauðsynlegt var til að fjármagna kaupin. Samkvæmt samningnum var hluthöfum Eglu óheimilt að fjármagna viðskiptin með láni frá Búnaðarbanka Íslands hf. Það ákvæði bannaði hluthöfum Eglu ekki að fjármagna viðskiptin með láni frá öðrum fjármálastofnunum.

Sem hluthafi í Eglu átti ég mikilla hagsmuna að gæta af eign félagsins í Búnaðarbankanum og síðar sameinuðum banka. Reikningsfærður hagnaður þeirrar eignar nam á tímabili u.þ.b. 70 milljörðum króna. Svo fór að lokum að þeir fjármunir töpuðust endanlega í október 2008.

Ég minnst þess ekki að hafa heyrt minnst á félagið Dekhill Advisors Limited. Ég get því engar upplýsingar veitt um það félag. Ég streka að hvorki ég né fyrirtæki í beinni eða óbeinni eigu minni voru aðilar að samningnum sem gerð er grein fyrir í bréfi nefndarinnar.

Virðingarfyllt,



Ólafur Ólafsson

Reykjavík 13. mars 2017

Hr. Guðmundur Hjaltason
Lálandi 7
108 Reykjavík.

Vísað er til fyrri samskipta vegna rannsóknar sem Alþingi samþykkti ályktun um 2. júní 2016 á þátttöku þýska bankans Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGaA („Hauck & Aufhäuser“) í kaupum á 45,8% eignarhlut ríkisins í Búnaðarbanka Íslands hf.

Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 68/2011, er sérhverjum, jafnt einstaklingum, stofnunum sem lögaðilum, skylt að verða við kröfu rannsóknarnefndarinnar um að láta í té gögn sem hún fer fram á. Í 2. mgr. 7. gr. er jafnframt kveðið á um að sömu aðilum og greinir í 1. mgr. sé jafnframt skylt að verða við óskum rannsóknarnefndar um að skýra skriflega frá athöfnum sínum og svara skriflega fyrirspurnum hennar.

Í ljósi upplýsinga og gagna sem nefndin hefur aflað við rannsókn sína, og þess sem slík gögn og upplýsingar sýna fram á um framangreint rannsóknarefni nefndarinnar, telur nefndin rétt, áður en vinnu við skýrslu nefndarinnar lýkur, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 68/2011, að leita eftir frekari skýringum yðar um ákveðin atriði. Sú ósk er sett fram með vísan til áðurnefnds ákvæðis 2. mgr. 7. gr. laga nr. 68/2011.

Tilfni þessa er að gögn og upplýsingar rannsóknarnefndarinnar sýna að dagana áður en skrifað var undir kaupsamning Eglu hf. og annarra lögaðila (það er hins svonefnda S-hóps) um kaup á hlut íslenska ríkisins í Búnaðarbankanum hf. 16. janúar 2003, stóð hópur manna að gerð tveggja samninga varðandi hluti Hauck & Aufhäuser í Eglu hf. á milli annars vegar Hauck & Aufhäuser og hins vegar aflandsfélagsins Welling & Partners Limited, skráðu á Bresku-Jómfrúaeyjum, sem Kaupping hf. útvegaði til að standa að samningunum. Annar samningurinn var svonefndur söluréttarsamningur (e. Put Option Agreement) og hinn

varðaði veð- og tryggingaráðstafanir vegna þessarar samningagerðar (e. Pledge and Security Agreement). Í þeim hópi manna sem stóð að gerð þessara samninga voru í fyrsta lagi nokkrir starfsmenn Kaupþings hf. á Íslandi og dótturfélags þess, Kaupthing Luxembourg S.A. í Lúxemborg; í öðru menn sem rannsóknarnefndin telur ljóst að voru þar fulltrúar Ólafs Ólafssonar, þáverandi forstjóra Samskipa hf. og helsta forsvarsmanns S-hópsins, einkum þá þér sjálfur; og í þriðja lagi starfsmenn Hauck & Aufhäuser, einkum þá Martin Zeil, þáverandi forstöðumaður lögfræðideildar bankans.

Ekki verður séð að íslenska ríkið eða aðrar stofnanir þess hafi á nokkru stigi verið upplýst um gerð þessara samninga, efni þeirra og áhrif, sem og atvik varðandi síðari framkvæmd. Af gögnum sem rannsóknarnefndin hefur undir höndum verður hins vegar ráðið að þér hafið verið upplýstur um gerð samninganna.

Samkvæmt þeim gögnum sem rannsóknarnefndin hefur undir höndum fólu þessir samningar í meginatriðum í sér að þátttaka Hauck & Aufhäuser gegnum Eglu hf. í kaupum á umræddum hlut ríkisins í Búnaðarbankanum var í reynd aðeins að nafni til. Rannsóknarnefndin telur ekki verða annað ráðið af þessum gögnum en að fjárfesting Hauck & Aufhäuser í gegnum Eglu hf. í, og síðar með sama hætti eignarhald á, hlutum í Búnaðarbankanum hafi vegna ákvæða fyrrgreindra samninga aðeins verið til málamynda og tímabundið. Þá verður ekki annað séð af sömu gögnum en að þýska bankanum hafi verið tryggt skaðleysi af þátttöku sinni í þessum viðskiptum, hann hafi enga fjárhagslega áhættu tekið með þeim og fjárhagslegir hagsmunir bankans af þeim hafi takmarkast við þóknun sem samið var um samkvæmt samningunum en öll hagnaðarvon af umræddum hlutum í Eglu hf. þess í stað verið áskilin gagnaðila bankans að samningunum, það er fyrrgreindu aflandsfélagi, Welling & Partners Limited.

Rétt er að fram komi að rannsóknarnefndin hefur einnig undir höndum gögn sem varpa ljósi á síðari framkvæmd fyrrgreindra tveggja samninga samkvæmt efni sínu og ráðstafanir sem þeim tengdust, meðal annars af hálfu starfsmanna Kaupþings hf. og Kaupthing Bank Luxembourg S.A. Má þar einkum nefna viðskipti milli Hauck & Aufhäuser og Welling & Partners Limited með umrædda hluti í Eglu hf. sem fóru fram á grundvelli ákvæða samninganna á næstu misserum eftir gerð þeirra og fjárhagslegt uppgjör sem að endingu átti sér stað á hagnaði aflandsfélagsins vegna þeirra viðskipta.

Í væntanlegri skýrslu rannsóknarnefndarinnar um rannsókn sína verður gerð grein fyrir framangreindum atvikum og tengdum atvikum í samræmi við fyrirbyggjandi gögn og upplýsingar rannsóknarnefndarinnar.

Í ljósi þess sem að framan er rakið er óskað eftir að þér upplýsið rannsóknarnefndina um eftirfarandi atriði og svarið neðangreindum spurningum, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 168/2011:

1. Hvers vegna voru þessir samningar gerðir?
2. Hver átti frumkvæði að gerð þeirra?
3. Hver eða hverjir áttu einkum þátt í að ákveða meginefni þessara tveggja samninga, sbr. lýsingu á því hér á undan, eða lögðu það fyrst til?
4. Hvers vegna hefur aldrei verið upplýst opinberlega um efni samninganna og aðkomu Kaupþings hf.?
5. Hvaða aðilar báru í reynd og endanlega þá fjárhagslegu áhættu af viðkomandi hlutum í Eglu hf. sem Hauck & Aufhäuser hefði ella borið án tilkomu samninganna tveggja og hverjir nutu þess fjárhagslega ávinnings af viðskiptum með viðkomandi hluti í Eglu hf. sem Hauck & Aufhäuser hefði annars á sama hátt fallið í skaut?

Ef þeir aðilar sem báru áhættuna og áttu rétt til ávinningsins voru lögaðilar er óskað eftir að þér upplýsið um hvort yður sé kunnugt um hvaða einstaklingar stóðu að baki þeim lögaðilum. Ef yður er ekki kunnugt um eða rekur ekki minni til þess hvaða lögaðilar eða einstaklingar nutu endanlega fjárhagslegs ávinnings af umræddum viðskiptum er óskað eftir að þér upplýsið um hvaða lögaðilar eða einstaklingar var við undirbúning og gerð samninganna fyrirhugað að myndu njóta slíks ávinnings ef einhver yrði.

6. Nutuð þér sjálfur fjárhagslegs ávinnings af þeim viðskiptum með viðkomandi hluti í Eglu hf. sem áttu sér stað á grundvelli samninganna á misserunum eftir gerð þeirra?

7. Þekkið þér til aflandsfélags með heitinu Dekhill Advisors Limited, skráð á Bresku-Jómfrúareyjum 25. júlí 2005? Ef og að því marki sem svo kann að vera óskar nefndin þess að þér gerið i meginatriðum grein fyrir vitneskju yðar um það félag. Einkum er þá átt við, ef því er að skipta, í fyrsta lagi hvaða einstaklingar séu eða hafi verið raunverulegir eigendur þess (sem sagt endanlega, þ. á m. þá hugsanlega í gegnum aðra lögaðila) eða kynnu á öðrum grundvelli að vera eða hafa verið haghafar að eignum félagsins og í öðru lagi að þér upplýsið nefndina um allar þær ráðstafanir á eignum félagsins sem þér kann að vera kunnugt um.

Yður er hér með veittur frestur til kl. 15:00 mánudaginn 20. mars nk. til senda skriflegt svar við þessu bréfi á netfangið bjartan.biorgvinsson@rna.is. Þar sem Alþingi hefur ályktað að rannsókn nefndarinnar skuli ljúka svo fljótt sem verða má, sbr. ályktun Alþingis frá 15. desember 2016 um breytingu á ályktun Alþingis nr. 40/145, um rannsókn á erlendra þátttöku í kaupum á 45,8% eignarhlut í Búnaðarbanka Íslands hf. o.fl., verða ekki veittir frekari frestir til að svara þessu bréfi.

Hafi svar yðar við bréfi nefndarinnar ekki borist innan þessa frests mun rannsóknarnefnd Alþingis líta svo á að þér hafið kosið að svara ekki bréfinu. Áréttar ber að þar sem fyrirspurnum rannsóknarnefndarinnar er beint til yðar persónulega og þær líta að vitnisburði um málsatvik sem þér hafið upplifað af eigin raun væntir nefndin þess að þér undirritið í eigin nafni svarbréf yðar til nefndarinnar enda væri annað, að mati nefndarinnar, ekki í samræmi við áðurnefnt ákvæði 2. mgr. 7. gr. laga nr. 68/2011 sem fyrirspurnir nefndarinnar byggjast á eða önnur ákvæði sömu laga sem varða upplýsingaöflun og upplýsingagjöf til rannsóknarnefndar. Berist svar undirritað af öðrum en yður mun nefndin því ekki eiga annan kost en að líta svo á að þér hafið þar með kosið að svara ekki bréfi nefndarinnar.

Vakin er athygli á að ákvæði 4. mgr. 10. gr. laga nr. 68/2011 mælir fyrir um undantekningar frá m.a. skyldum til að afhenda gögn eða veita upplýsingar samkvæmt 7. gr. sömu laga. Líkt og komið hefur fram byggjast ofangreindar fyrirspurnir nefndarinnar á 2. mgr. 7. gr. Vísað er nánar til ákvæða 4. mgr. 10. gr. laganna að þessu leyti.

Virðingarfyllst,

f.h. rannsóknarnefnd Alþingis


Kjartan Bjarni Björgvinsson

Birt ____ mars 2017, kl.

Guðmundur Hjaltason

Rannsóknarnefnd Alþingis
Austurstræti 14
101 Reykjavík

Sent með tölvupósti á netfangið kjartan.biorgvinsson@rna.is

Reykjavík, 20. mars 2017

Efni: Skýringar Guðmundar Hjaltasonar við bréfi dags 13. mars sl.

Vísað er til bréfs þíns þar sem óskað er eftir frekari skýringum undirritaðs um tiltekin atriði á þátttöku þýska bankans Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGaA í kaupum á 45,8% eignarhlut ríkisins í Búnaðarbanka Íslands hf. með vísan 2. mgr. 7. gr. laga nr. 68/2011.

Um er að ræða viðskipti sem áttu sér stað fyrir um 14 árum síðan. Þrátt fyrir beiðnir þess efnis hafa gögn málsins ekki verið afhent. Erindum lögmanns míns þar sem óskað hefur verið eftir afhendingu gagnanna hefur ekki einu sinni verið svarað. Eðli málsins samkvæmt er aðgangur að gögnum málsins grundvallarforsenda þess að unnt sé að veita sem gleggstar upplýsingar um málið en hafa ber í huga að langt er um liðið frá því að viðskiptin fóru fram. Aðgangur að gögnum er einnig forsenda þess að unnt sé að ganga úr skugga um að lýsing rannsóknarnefndar á málsatvikum sé rétt. Í þessu bréfi er stuðst við fullyrðinar í bréfi þínu frá 13. mars 2017 en þar sem langt er um liðið frá því að atburðir þessir gerðust og gögn sem tengast þessum viðskiptum eru ekki í höndum Egla hf. þá verður að skoða svör undirritaðs í því ljósi

Mikilvægt er að fram komi að engum blekkingum var beitt gagnvart ríkinu þegar eignarhlutur þess í Búnaðarbankanum var keyptur árið 2003 og allar umbeðnar upplýsingar lagðar á borðið. Einnig er mikilvægt að fram komi að Egla hf. uppfyllti að öllu leyti skilyrði sem fram komu í kaupsamningi sem undirritaður var við Íslenska ríkið. Þá er mikilvægt að hafa í huga að S - hópurinn svonefndi bauð hæsta verðið í hlutaféð og að ríkið fékk kaupverðið að fullu greitt. Tilboð S - hópsins var umtalsvert hærra en annarra aðila.

Ekki var áskilið að erlendir aðilar kæmu að viðskiptunum. Á fundi einkavæðingarnefndar 28. ágúst 2002 var spurt hvort það breytti stöðu S - hópsins ef erlend aðkoma yrði að honum. Ólafur Davíðsson, formaður einkavæðingarnefndar, svaraði því “að svo væri ekki, en hins vegar væri gefinn plús fyrir erlenda peninga”. Ummæli Ólafs voru bókuð í fundargerð fundarins.

Vilji forsvarsmanna S - hópsins stóð til þess að fá erlenda fjármálastofnun til liðs við hópinn sem fjárfesti eða ráðgjafa. Franski bankinn Société Générale sýndi verkefninu nokkurn áhuga og ákvað í fyrstu að koma að verkefninu sem ráðgjafi. Síðar varð breyting á afstöðu franska bankans og lýsti bankinn yfir áhuga á að tilheyra hópnum sem fjárfestir.

Einkavæðingarnefnd fékk til liðs við sig erlendan ráðgjafa til aðstoðar og var breski bankinn HSBC fenginn til verksins. Í mati HSBC bankans á mögulegum kaupendum kom S – hópurinn best út. Undirritaður reiknar með að mat HSBC sé meðal þeirra gagna sem rannsóknarnefndin hafi undir höndum og muni fjalla um í skýrslu sinni. Þar kemur fram að S – hópurinn hafi fengið hærri einkunn heldur en keppinauturinn, óháð því hver þátttaka erlends aðila kynni að verða, en um það var óvissa. Í niðurstöðu HSBC segir m.a:

In making the assessment, the uncertainty surrounding the involvement of the international financial institution(s) has been taken into account and it has been concluded that the S-Group submission is marginally more attractive, even in the event that an equity investment by an international financial institution would not be part of the final deal.

Í rammasamkomulagi (Heads of Agreement) sem undirritað var milli einkavæðingarnefndar og fulltrúa S – hópsins var gert ráð fyrir að Eglu hf. yrði í eigu Kers hf., Samvinnutrygginga og mögulega franska bankans eða annarrar erlendrar fjármálastofnunar. Síðar féll franskur bankinn frá þeim áformum vegna atvika sem vörðudu ekki viðskiptin. Ákvörðunina tilkynnti fulltrúi franska bankans á stjórnarfundum í Keri 11. desember 2003 og lét þess sérstaklega getið að viðskiptalegar forsendur kaupanna væru ásættanlegar.

Þá er rétt að það komi fram að verðið sem íslensk stjórnvöld fengu fyrir eignarhlutinn var gott.

Í kjölfarið tók franskur bankinn að sér að finna áhugasama erlenda fjárfesta í sinn stað. Fjórir evrópskir bankar komu til álita af hálfu Société Générale til að fylla skarð bankans og var ráðgjafi einkavæðingarnefndar hjá HSBC upplýstur um stöðu mála. Síðar var undirritaður upplýstur um að Hauck & Aufhäuser hefði áhuga á að koma að kaupnum að frumkvæði Société Générale. Varð það að endingu niðurstaðan og greiddi þýski bankinn fyrir hlutafé sitt í Eglu með eiginfjárframlagi í formi reiðufjár.

Meðal gagna sem afhent hafa verið stjórnvöldum er staðfesting frá Hauck & Aufhäuser á því að bankinn hafi átt hlut í Eglu og staðfesting frá KPMG endurskoðunarfyrirtæki bankans í Þýskalandi þess efnis að bankinn hafi fært bréfin í ársreikning Hauck & Aufhäuser á því tímabili sem bankinn átti hlut í Eglu. Frá upphafi lá fyrir af hálfu þýska bankans að um skammtímafjárfestingu væri að ræða.

Michael Sautter, fyrrum starfsmaður Société Générale, kom fram fyrir hönd Hauck & Aufhäuser gagnvart Eglu og sat jafnframt í stjórn félagsins sem fulltrúi þýska bankans frá 10. janúar 2003 og fram að aðalfundi félagsins sem haldinn var 27. mars 2004. Sautter var einnig kjörinn af aðalfundi Búnaðarbankans sem einn af fulltrúum S – hópsins í bankaráð bankans. Síðar var Peter Gatti, framkvæmdastjóri og einn eigenda Hauck & Aufhäuser, kjörinn í stjórn Eglu og stjórn Kaupþings Búnaðarbanka hf. í stað Sautter.


Eftir því sem undirritaður kemst næst annaðist Michael Sautter öll samskipti fyrir hönd Hauck & Aufhäuser gagnvart Kaupþingi. Við lestur bréfs þíns frá 13. mars s.l. rifjaðist upp að líklega var undirrituðum kunnugt um viðræður milli þýska bankans og Kaupþings. Hugsanlega hafi ég verið cc. í tölvupóstssamskiptum milli aðila og jafnvel veitt álit á samningsdrög. Mikilvægt er hins vegar að hafa í huga að ég hafði ekkert umboð til að koma fram fyrir hönd annars hvors samningsaðilans við samningsgerðina. Samninga þá sem samningsaðilar gengu frá sín á milli hef ég ekki séð. Af þessum sökum er ég ekki í aðstöðu til að svara spurningum um samninga Kaupþings og Hauck & Aufhäuser. Samningarnir voru eðli málsins samkvæmt alfarið á forræði þeirra aðila sem þá undirrituðu. Hafi efni þeirra verið tilkynningaskýlt hér á landi eða erlendis þá var það hlutverk samningsaðilanna að upplýsa um efni þeirra. Rétt er að taka fram að fulltrúar S – hópsins voru aldrei spurðir um fjármögnun Hauck & Aufhäuser. Öll samskipti við ríkið voru í samræmi við þá samninga sem undirritaðir voru og öllum spurningum sem beint var að hópnum var svarað með fullnægjandi hætti.

Samkvæmt samþykktum Eglu var óheimilt að veðsetja hlutabréf félagsins án samþykkis stjórnar. Beiðni um veðsetningu hlutafjár félagsins barst aldrei til stjórnar félagsins þann tíma sem ég gegndi starfi hjá félaginu. Hlutfé Hauck & Aufhäuser var því alla tíð óveðsett. Gagnvart Eglu kom Hauck & Aufhäuser ávallt fram sem eigandi hlutabréfanna og fór með atkvæðisrétt fyrir þá hluti innan Eglu. Samkvæmt kaupsamningnum við ríkið ábyrgðust hluthafar Eglu hver fyrir sig framlag sitt til eigin fjár Eglu sem nauðsynlegt var til að fjármagna kaupin. Samkvæmt samningnum var hluthöfum Eglu óheimilt að fjármagna viðskiptin með láni frá Búnaðarbanka Íslands hf. Það ákvæði bannaði hluthöfum Eglu ekki að fjármagna viðskiptin með láni frá öðrum fjármálastofnunum.

Undirritaður naut ekki fjárhagslegs ávinnings af viðskiptunum.

Ég minnst þess ekki að hafa heyrt um félagið Deckhill Advisors Limited. Ég get því engar upplýsingar veitt um það félag.

Rétt er að taka fram að lokum að er ég mætti til skýrslutöku fyrir héraðsdómi í febrúar s.l. samkvæmt beiðni voru ekki borin undir mig nein gögn er varða þær spurningar, sem fram koma í tilvísuðu bréfi þínu eða ég spurður spurninga er varða þau.

Viðfangarfullt,

Guðmundur Hfältason

Reykjavík 13. mars 2017

Hr. Hreiðar Már Sigurðsson
Lúxemborg

Visað er til fyrri samskipta vegna rannsóknar sem Alþingi samþykkti ályktun um 2. júní 2016 á þátttöku þýska bankans Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGaA („Hauck & Aufhäuser“) í kaupum á 45,8% eignarhlut ríkisins í Búnaðarbanka Íslands hf.

Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 68/2011, er sérhverjum, jafnt einstaklingum, stofnunum sem lögaðilum, skylt að verða við kröfu rannsóknarnefndarinnar um að láta í té gögn sem hún fer fram á. Í 2. mgr. 7. gr. er jafnframt kveðið á um að sömu aðilum og greinir í 1. mgr. sé jafnframt skylt að verða við óskum rannsóknarnefndar um að skýra skriflega frá athöfnum sínum og svara skriflega fyrirspurnum hennar.

Í ljósi upplýsinga og gagna sem nefndin hefur aflað við rannsókn sína, og þess sem slík gögn og upplýsingar sýna fram á um framangreint rannsóknarefni nefndarinnar, telur nefndin rétt, áður en vinnu við skýrslu nefndarinnar lýkur, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 68/2011, að leita eftir frekari skýringum yðar um ákveðin atriði. Sú ósk er sett fram með vísan til áður nefnds ákvæðis 2. mgr. 7. gr. laga nr. 68/2011.

Tilfni þessa er að gögn og upplýsingar rannsóknarnefndarinnar sýna að dagana áður en skrifað var undir kaupsamning Eglu hf. og annarra lögaðila (það er hins svonefnda S-hóps) um kaup á hlut íslenska ríkisins í Búnaðarbankanum hf. 16. janúar 2003, stóð hópur manna að gerð tveggja samninga varðandi hluti Hauck & Aufhäuser í Eglu hf. á milli annars vegar Hauck & Aufhäuser og hins vegar aflandsfélagsins Welling & Partners Limited, skráðu á Bresku-Jómfrúaeyjum, sem Kaupþing hf. útvegaði til að standa að samningunum. Annar samningurinn var svonefndur söluréttarsamningur (e. Put Option Agreement) og hinn varðaði veð- og tryggingaráðstafanir vegna þessarar samningagerðar (e. Pledge and Security Agreement). Í þeim hópi manna sem stóð að gerð þessara samninga voru í fyrsta lagi nokkrir starfsmenn Kaupþings hf. á Íslandi og dótturfélags þess, Kaupthing Luxembourg S.A. í

Lúxemborg; í öðru lagi menn sem rannsóknarnefndin telur ljóst að voru þar fulltrúar Ólafs Ólafssonar, þáverandi forstjóra Samskipa hf. og helsta forsvarsmanns S-hópsins, einkum þá Guðmundur Hjaltason, þáverandi framkvæmdastjóri hjá Samskipum hf.; og í þriðja lagi starfsmenn Hauck & Aufhäuser, einkum þá Martin Zeil, þáverandi forstöðumaður lögfræðideildar bankans.

Ekki verður séð að íslenska ríkið eða aðrar stofnanir þess hafi á nokkru stigi verið upplýst um gerð þessara samninga, efni þeirra og áhrif, sem og atvik varðandi síðari framkvæmd þeirra.

Samkvæmt þeim gögnum sem rannsóknarnefndin hefur undir höndum fólu þessir samningar í meginatriðum í sér að þátttaka Hauck & Aufhäuser gegnum Eglu hf. í kaupum á umræddum hlut ríkisins í Búnaðarbankanum var í reynd aðeins að nafni til. Rannsóknarnefndin telur ekki verða annað ráðið af þessum gögnum en að fjárfesting Hauck & Aufhäuser í gegnum Eglu hf. í, og síðar með sama hætti eignarhald á, hlutum í Búnaðarbankanum hafi vegna ákvæða fyrrgreindra samninga aðeins verið til málamynda og tímabundið. Þá verður ekki annað séð af sömu gögnum en að þýska bankanum hafi verið tryggt skaðleysi af þátttöku sinni í þessum viðskiptum, hann hafi enga fjárhagslega áhættu tekið með þeim og fjárhagslegir hagsmunir bankans af þeim hafi takmarkast við þóknun sem samið var um samkvæmt samningunum en öll hagnaðarvon af umræddum hlutum í Eglu hf. þess í stað verið áskilin gagnaðila bankans að samningunum, það er fyrrgreindu aflandsfélagi, Welling & Partners Limited.

Rétt er að fram komi að rannsóknarnefndin hefur einnig undir höndum gögn sem varpa ljósi á síðari framkvæmd fyrrgreindra tveggja samninga samkvæmt efni sínu og ráðstafanir sem þeim tengdust, meðal annars af hálfu starfsmanna Kaupþings hf. og Kaupthing Bank Luxembourg S.A. Má þar einkum nefna viðskipti milli Hauck & Aufhäuser og Welling & Partners Limited með umrædda hluti í Eglu hf. sem fóru fram á grundvelli ákvæða samninganna á næstu misserum eftir gerð þeirra og fjárhagslegt uppgjör sem að endingu átti sér stað á hagnaði aflandsfélagsins vegna þeirra viðskipta.

Í væntanlegri skýrslu rannsóknarnefndarinnar um rannsókn sína verður gerð grein fyrir framangreindum atvikum og tengdum atvikum í samræmi við fyrirbyggjandi gögn og upplýsingar rannsóknarnefndarinnar.

Þér voruð aðstoðarforstjóri Kaupþings hf. á þessum tíma. Gögn rannsóknarnefndar sýna að yður var kunnugt um gerð þessara samninga og áttuð einnig þátt í ráðstöfunum sem tengdust gerð þeirra, svo sem lánaþyrirgreiðslu Kaupþings hf. að fjárhæð um 35 milljónir Bandaríkjadala til aflandsfélagsins og sendingu sömu fjármuna til Hauck & Aufhäuser af hálfu aflandsfélagsins í samræmi við ákvæði fyrrgreindra samninga.

Í ljósi þess sem að framan er rakið er óskað eftir að þér upplýsið nefndina með skriflegu svari, sbr. áðurnefnt ákvæði 2. mgr. 7. gr. laga nr. 68/2011, um eftirfarandi atriði:

1. Hvers vegna voru þessir samningar gerðir?
2. Hver átti frumkvæði að gerð þeirra?
3. Hvernig kom þátttaka Kaupþings hf. í gerð þeirra til, það er hverjir af hálfu félagsins tóku ákvörðun um það (hér er átt við hvort heldur starfsmenn eða hluthafa), um það bil hvenær var hún fyrst afráðin og þá með hvaða nánari hætti?
4. Hver eða hverjir áttu einkum þátt í að ákveða meginefni þessara tveggja samninga, sbr. lýsingu á því hér á undan, eða lögðu það fyrst til?
5. Höfðu þáverandi stjórn Kaupþings hf. og/eða stærstu hluthafar félagsins vitneskju um gerð samninganna og þá fjárhagslegu fyrirgreiðslu sem Kaupþing hf. veitti samkvæmt framangreindu í beinum tengslum við gerð þeirra? Ef svo, hvaða einstaklingar þá?
6. Hvers vegna hefur aldrei verið upplýst opinberlega um efni samninganna og aðkomu Kaupþings hf.?
7. Hvaða aðilar báru í reynd og endanlega þá fjárhagslegu áhættu af viðkomandi hlutum í Eglu hf. sem Hauck & Aufhäuser hefði ella borið án tilkomu samninganna tveggja og hverjir nutu þess fjárhagslega ávinnings af viðskiptum með viðkomandi hluti í Eglu hf. sem Hauck & Aufhäuser hefði annars á sama hátt fallið í skaut?

Ef þeir aðilar sem báru áhættuna og áttu rétt til ávinningsins voru lögaðilar er óskað eftir að þér upplýsið um hvort yður sé kunnugt um hvaða einstaklingar

stóðu að baki þeim lögaðilum. Ef yður er ekki kunnugt um eða rekur ekki minni til þess hvaða lögaðilar eða einstaklingar nutu endanlega fjárhagslegs ávinnings af umræddum viðskiptum er óskað eftir að þér upplýsið um hvaða lögaðilar eða einstaklingar var við undirbúning og gerð samninganna fyrirhugað að myndu njóta slíks ávinnings ef einhver yrði.

8. Nutuð þér sjálfur fjárhagslegs ávinnings af þeim viðskiptum með viðkomandi hluti í Eglu hf. sem áttu sér stað á grundvelli samninganna á misserunum eftir gerð þeirra?
9. Þekkið þér til aflandsfélags með heitinu Dekhill Advisors Limited, skráð á Bresku-Jómfrúareyjum 25. júlí 2005? Ef og að því marki sem svo kann að vera óskar nefndin þess að þér gerið í meginatriðum grein fyrir vitneskju yðar um það félag. Einkum er þá átt við, ef því er að skipta, í fyrsta lagi hvaða einstaklingar séu eða hafi verið raunverulegir eigendur þess (sem sagt endanlega, þ. á m. þá hugsanlega í gegnum aðra lögaðila) eða kynnu á öðrum grundvelli að vera eða hafa verið haghafar að eignum félagsins og í öðru lagi að þér upplýsið nefndina um allar þær ráðstafanir á eignum félagsins sem yður kann að vera kunnugt um.

Yður er hér með veittur frestur til kl. 15:00 mánudaginn 20. mars nk. til senda skriflegt svar við þessu bréfi á netfangið kiartan.biorgvinsson@rna.is. Þar sem Alþingi hefur ályktað að rannsókn nefndarinnar skuli ljúka svo fljótt sem verða má, sbr. ályktun Alþingis frá 15. desember 2016 um breytingu á ályktun Alþingis nr. 40/145, um rannsókn á erlendra þátttöku í kaupum á 45,8% eignarhlut í Búnaðarbanka Íslands hf. o.fl., verða ekki veittir frekari frestir til að svara þessu bréfi.

Hafi svar yðar við bréfi nefndarinnar ekki borist innan þessa frests mun rannsóknarnefnd Alþingis líta svo á að þér hafið kosið að svara ekki bréfinu. Áréttar ber að þar sem fyrirspurnum rannsóknarnefndarinnar er beint til yðar persónulega og þær líta að vitnisburði um málsatvik sem þér hafið upplifað af eigin raun væntir nefndin þess að þér undirritið í eigin nafni svarbréf yðar til nefndarinnar enda væri annað, að mati nefndarinnar, ekki í samræmi við áðurnefnt ákvæði 2. mgr. 7. gr. laga nr. 68/2011 sem fyrirspurnir nefndarinnar byggjast á eða önnur ákvæði sömu laga sem varða upplýsingaöflun og

upplýsingagjöf til rannsóknarnefndar. Berist svar undirritað af öðrum en yður mun nefndin því ekki eiga annan kost en að líta svo á að þér hafið þar með kosið að svara ekki bréfi nefndarinnar.

Vakin er athygli á að ákvæði 4. mgr. 10. gr. laga nr. 68/2011 mælir fyrir um undantekningar frá m.a. skyldum til að afhenda gögn eða veita upplýsingar samkvæmt 7. gr. sömu laga. Líkt og komið hefur fram byggjast ofangreindar fyrirspurnir nefndarinnar á 2. mgr. 7. gr. Vísað er nánar til ákvæða 4. mgr. 10. gr. laganna að þessu leyti.

Virðingarfyllst,


Kjartan Bjarni Björgvinsson

Birt ____ mars 2017, kl.

Hreiðar Már Sigurðsson

Rannsóknarnefnd Alþingis
Héraðsdómi Reykjavíkur
Dómhúsinu við Lækjartorg
101 Reykjavík

Sent með rafrænum hætti á netfangið kjartan.bjorgvinsson@rna.is

Reykjavík, 20. mars 2017

Efni: Svar við bréfi dags. 13. mars sl.

Visað er til ofangreinds bréfs þar sem óskað er eftir frekari skýringum undirritaðs um ákveðin atriði á þátttöku þýska bankans Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGaA í kaupum á 45,8% eignarhlut ríkisins í Búnaðarbanka Íslands hf. með vísan til 2. mgr. 7. gr. laga nr. 68/2011.

Spurningarnar varða lánaviðskipti sem áttu sér stað fyrir um 14 árum síðan. Undirritaður mætti 30. janúar sl. til skýrslugjafar hjá nefndinni og svaraði spurningum hennar eftir besta minni. Engin gögn voru þá borin undir mig né hafði ég aðgang að þeim til upprifjunar fyrir skýrslutökuna.

Við lestur á bréfi nefndarinnar frá 15. mars sl. rifjaðist eitthvað upp um lánaviðskiptin. Sem fyrir er mér þó ætlað að svara spurningum um málið án þess að geta stuðst við gögn. Ef markmið nefndarinnar er að upplýsa hvers vegna var gengið til þessara viðskipta og hvaða sjónarmið lágu þar að baki er undarlegt að gögn séu ekki lögð fram til að hægt sé að rifja upp hvað var gert og hvers vegna. En vonandi fæ ég einhvern tímann skýringu á því hvers vegna Rannsóknarnefndin hefur ákveðið að haga störfum sínum með þessum hætti. Þar sem undirritaður hefur ekki fengið neinn aðgang að gögnum málsins er óhjákvæmilegt að gera fyrirvara við lýsingu málsatvika í bréfinu. Þá liggur ekkert fyrir hvort lýsing málsatvika byggir á undirrituðum skjölum eða hvort verið sé að draga ályktanir af ófrágengnum skjölum.

Undirritaður var aðstoðarforstjóri Kaupþings hf. á þeim tíma sem máli skiptir. Um starfsemi Kaupþings giltu lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Í 58. gr. þeirra laga segir:

58. gr. Þagnarskylda.

Stjórnarmenn fjármálafyrirtækis, framkvæmdastjórar, endurskoðendur, starfsmenn og hverjir þeir sem taka að sér verk í þágu fyrirtækisins eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa síns og varðar viðskipta- eða einkamálefni viðskiptamanna þess, nema skylt sé að veita upplýsingar samkvæmt lögum. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Kaupþing átti ekki aðkomu að einkavæðingu Búnaðarbanka Íslands og var ekki aðili að kaupum á hlut ríkisins í bankanum. Lögum samkvæmt var óheimilt að upplýsa um lánaviðskipti

Kaupþings við félagið Welling & Partners Limited á það við bæði þegar lánið var veitt og einnig síðar eins og skýrt er kveðið á um í 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Er undirritaður mætti til skýrslugjafar hjá nefndinni mundi ég ekki eftir aðkomu Kaupþings að þessum lánaviðskiptum. Eftir því sem ég sem best veit en get þó ekki fullyrt án þess að skoða gögn var lánið sem spurt er um síðar endurgreitt að fullu með vöxtum og þóknunum. Aðkoma Kaupþings að þessum lánaviðskiptum var hvorki óeðlileg né ólöglegt. Kaupþing var fjárfestingarbanki á þeim tíma þegar lánið var veitt en hlutverk slíkra banka er meðal annars að fjármagna verðbréfa kaup.

Ég tel óhætt að fullyrða að ég hafi aldrei heyrt minnst á félagið Dekhill Advisors Limited fyrir en í bréfi nefndarinnar.

Undirritaður naut ekki fjárhagslegs ávinnings af viðskiptunum.

Að öðru leyti treysti ég mér ekki til að svara spurningum nefndarinnar vegna þess tíma sem liðinn er frá þessum atburðum án þess að hafa fullan aðgang að gögnum málsins.

Virðingarfyllt,

Hreiðar Már Sigurðsson

Reykjavík 13. mars 2017

Hr. Sigurður Einarsson
Þórsögðu 7
101 Reykjavík.

Vísað er til fyrri samskipta vegna rannsóknar sem Alþingi samþykkti ályktun um 2. júní 2016 á þátttöku þýska bankans Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGaA („Hauck & Aufhäuser“) í kaupum á 45,8% eignarhlut ríkisins í Búnaðarbanka Íslands hf.

Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 68/2011, er sérhverjum, jafnt einstaklingum, stofnunum sem lögaðilum, skylt að verða við kröfu rannsóknarnefndarinnar um að láta í té gögn sem hún fer fram á. Í 2. mgr. 7. gr. er jafnframt kveðið á um að sömu aðilum og greinir í 1. mgr. sé jafnframt skylt að verða við óskum rannsóknarnefndar um að skýra skriflega frá athöfnum sínum og svara skriflega fyrirspurnum hennar.

Í ljósi upplýsinga og gagna sem nefndin hefur aflað við rannsókn sína, og þess sem slík gögn og upplýsingar sýna fram á um framangreint rannsóknarefni nefndarinnar, telur nefndin rétt, áður en vinnu við skýrslu nefndarinnar lýkur, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 68/2011, að leita eftir frekari skýringum yðar um ákveðin atriði. Sú ósk er sett fram með vísan til áðurnefnds ákvæðis 2. mgr. 7. gr. laga nr. 68/2011.

Tilfni þessa er að gögn og upplýsingar rannsóknarnefndarinnar sýna að dagana áður en skrifað var undir kaupsamning Eglu hf. og annarra lögaðila (það er hins svonefnda S-hóps) um kaup á hlut íslenska ríkisins í Búnaðarbankanum hf. 16. janúar 2003, stóð hópur manna að gerð tveggja samninga varðandi hluti Hauck & Aufhäuser í Eglu hf. á milli annars vegar Hauck & Aufhäuser og hins vegar aflandsfélagsins Welling & Partners Limited, skráðu á Bresku-Jómfrúareyjum, sem Kaupþing hf. útvegaði til að standa að samningunum. Annar samningurinn var svonefndur söluréttarsamningur (e. Put Option Agreement) og hinn varðaði veð- og tryggingaráðstafanir vegna þessarar samningagerðar (e. Pledge and Security Agreement). Í þeim hópi manna sem stóð að gerð þessara samninga voru í fyrsta lagi nokkrir starfsmenn Kaupþings hf. á Íslandi og dótturfélags þess, Kaupthing Bank Luxembourg S.A. í Lúxemborg; í öðru lagi menn sem rannsóknarnefndin telur ljóst að voru þar fulltrúar Ólafs

Ólafssonar, þáverandi forstjóra Samskipa hf. og helsta forsvarsmanns S-hópsins, einkum þá Guðmundur Hjaltason, þáverandi framkvæmdastjóri hjá Samskipum hf.; og í þriðja lagi starfsmenn Hauck & Aufhäuser, einkum þá Martin Zeil, þáverandi forstöðumaður lögfræðideildar bankans.

Ekki verður séð að íslenska ríkið eða aðrar stofnanir þess hafi á nokkru stigi verið upplýst um gerð þessara samninga, efni þeirra og áhrif, sem og atvik varðandi síðari framkvæmd þeirra.

Samkvæmt þeim gögnum sem rannsóknarnefndin hefur undir höndum fólu þessir samningar í meginatriðum í sér að þátttaka Hauck & Aufhäuser gegnum Eglu hf. í kaupum á umræddum hlut ríkisins í Búnaðarbankanum var í reynd aðeins að nafni til. Rannsóknarnefndin telur ekki verða annað ráðið af þessum gögnum en að fjárfesting Hauck & Aufhäuser í gegnum Eglu hf. í, og síðar með sama hætti eignarhald á, hlutum í Búnaðarbankanum hafi vegna ákvæða fyrrgreindra samninga aðeins verið til málamynda og tímabundið. Þá verður ekki annað séð af sömu gögnum en að þýska bankanum hafi verið tryggt skaðleysi af þátttöku sinni í þessum viðskiptum, hann hafi enga fjárhagslega áhættu tekið með þeim og fjárhagslegir hagsmunir bankans af þeim hafi takmarkast við þóknun sem samið var um samkvæmt samningunum en öll hagnaðarvon af umræddum hlutum í Eglu hf. þess í stað verið áskilin gagnaðila bankans að samningunum, það er fyrrgreindu aflandsfélagi, Welling & Partners Limited.

Rétt er að fram komi að rannsóknarnefndin hefur einnig undir höndum gögn sem varpa ljósi á síðari framkvæmd fyrrgreindra tveggja samninga samkvæmt efni sínu og ráðstafanir sem þeim tengdust, meðal annars af hálfu starfsmanna Kaupþings hf. og Kaupthing Bank Luxembourg S.A. Má þar einkum nefna viðskipti milli Hauck & Aufhäuser og Welling & Partners Limited með umrædda hluti í Eglu hf. sem fóru fram á grundvelli ákvæða samninganna á næstu misserum eftir gerð þeirra og fjárhagslegt uppgjör sem að endingu átti sér stað á hagnaði aflandsfélagsins vegna þeirra viðskipta.

Í væntanlegri skýrslu rannsóknarnefndarinnar um rannsókn sína verður gerð grein fyrir framangreindum atvikum og tengdum atvikum í samræmi við fyrirbyggjandi gögn og upplýsingar rannsóknarnefndarinnar.

Þér voruð forstjóri Kaupþings hf. á þessum tíma. Gögn rannsóknarnefndar sýna að yður voru veittar upplýsingar um gerð þessara samninga.

Í ljósi þess sem að framan er rakið er óskað eftir að þér upplýsið nefndina með skriflegu svari, sbr. áðurnefnt ákvæði 2. mgr. 7. gr. laga nr. 68/2011, um eftirfarandi atriði:

1. Hvers vegna voru þessir samningar gerðir?
2. Hver átti frumkvæði að gerð þeirra?
3. Hvernig kom þátttaka Kaupþings hf. í gerð þeirra til, það er hverjir af hálfu félagsins tóku ákvörðun um það (hér er átt við hvort heldur starfsmenn eða hluthafa), um það bil hvenær var hún fyrst afráðin og þá með hvaða nánari hætti?
4. Hver eða hverjir áttu einkum þátt í að ákveða meginefni þessara tveggja samninga, sbr. lýsingu á því hér á undan, eða lögðu það fyrst til?
5. Höfðu þáverandi stjórn Kaupþings hf. og/eða stærstu hluthafar félagsins vitneskju um gerð samninganna og þá fjárhagslegu fyrirgreiðslu sem Kaupþing hf. veitti samkvæmt framangreindu í beinum tengslum við gerð þeirra? Ef svo, hvaða einstaklingar þá?
6. Hvers vegna hefur aldrei verið upplýst opinberlega um efni samninganna og aðkomu Kaupþings hf.?
7. Hvaða aðilar báru í reynd og endanlega þá fjárhagslegu áhættu af viðkomandi hlutum í Eglu hf. sem Hauck & Aufhäuser hefði ella borið án tilkomu samninganna tveggja og hverjir nutu þess fjárhagslega ávinnings af viðskiptum með viðkomandi hluti í Eglu hf. sem Hauck & Aufhäuser hefði annars á sama hátt fallið í skaut?

Ef þeir aðilar sem báru áhættuna og áttu rétt til ávinningsins voru lögaðilar er óskað eftir að þér upplýsið um hvort yður sé kunnugt um hvaða einstaklingar stóðu að baki þeim lögaðilum. Ef yður er ekki kunnugt um eða rekur ekki minni til þess hvaða lögaðilar eða einstaklingar nutu endanlega fjárhagslegs ávinnings af umræddum viðskiptum er óskað eftir að þér upplýsið um hvaða lögaðilar

eða einstaklingar var við undirbúning og gerð samninganna fyrirhugað að myndu njóta slíks ávinnings ef einhver yrði.

8. Nutuð þér sjálfur fjárhagslegs ávinnings af þeim viðskiptum með viðkomandi hluti í Eggu hf. sem áttu sér stað á grundvelli samninganna á misserunum eftir gerð þeirra?
9. Þekkið þér til aflandsfélags með heitinu Dekhill Advisors Limited, skráð á Bresku-Jómfrúareyjum 25. júlí 2005? Ef og að því marki sem svo kann að vera óskar nefndin þess að þér gerið í meginatriðum grein fyrir vitneskju yðar um það félag. Einkum er þá átt við, ef því er að skipta, í fyrsta lagi hvaða einstaklingar séu eða hafi verið raunverulegir eigendur þess (sem sagt endanlega, þ. á m. þá hugsanlega í gegnum aðra lögaðila) eða kynnu á öðrum grundvelli að vera eða hafa verið haghafar að eignum félagsins og í öðru lagi að þér upplýsið nefndina um allar þær ráðstafanir á eignum félagsins sem yður kann að vera kunnugt um.

Yður er hér með veittur frestur til kl. 15:00 mánudaginn 20. mars nk. til senda skriflegt svar við þessu bréfi á netfangið kjartan.bjorgvinsson@rna.is. Þar sem Alþingi hefur ályktað að rannsókn nefndarinnar skuli ljúka svo fljótt sem verða má, sbr. ályktun Alþingis frá 15. desember 2016 um breytingu á ályktun Alþingis nr. 40/145, um rannsókn á erlendra þátttöku í kaupum á 45,8% eignarhlut í Búnaðarbanka Íslands hf. o.fl., verða ekki veittir frekir til að svara þessu bréfi.


Hafi svar yðar við bréfi nefndarinnar ekki borist innan þessa frests mun rannsóknarnefnd Alþingis líta svo á að þér hafið kosið að svara ekki bréfinu. Áréttar ber að þar sem fyrirspurnum rannsóknarnefndarinnar er beint til yðar persónulega og þær líta að vitnisburði um málsatvik sem þér hafið upplifað af eigin raun væntir nefndin þess að þér undirritið í eigin nafni svarbréf yðar til nefndarinnar enda væri annað, að mati nefndarinnar, ekki í samræmi við áður nefnt ákvæði 2. mgr. 7. gr. laga nr. 68/2011 sem fyrirspurnir nefndarinnar byggjast á eða önnur ákvæði sömu laga sem varða upplýsingaöflun og upplýsingagjöf til rannsóknarnefndar. Berist svar undirritað af öðrum en yður mun nefndin því ekki eiga annan kost en að líta svo á að þér hafið þar með kosið að svara ekki bréfi nefndarinnar.

RANNSÓKNARNEFND ALÞINGIS

Vakin er athygli á að ákvæði 4. mgr. 10. gr. laga nr. 68/2011 mælir fyrir um undantekningar frá m.a. skyldum til að afhenda gögn eða veita upplýsingar samkvæmt 7. gr. sömu laga. Líkt og komið hefur fram byggjast ofangreindar fyrirspurnir nefndarinnar á 2. mgr. 7. gr. Vísað er nánar til ákvæða 4. mgr. 10. gr. laganna að þessu leyti.

Virðingarfyllt,

f.h. rannsóknarnefndar Alþingis


Kjartan Bjarni Björgvinsson

Birt ____ mars 2017, kl.

Sigurður Einarsson

Rannsóknarnefnd Alþingis
b.t. Kjartans Bjarna Björgvinssonar, héraðsdómara
Héraðsdómi Reykjavíkur
Lækjartorgi
101 Reykjavík

Reykjavík, 20. mars 2017

Efni: Svör vegna bréfs dags. 13. mars sl.

Ég hef móttengið bréf þitt dagsett 13. mars 2017. Í bréfinu er vísað til laga um skyldu til að afhenda gögn til nefndarinnar. Ég hef engin gögn að afhenda.


Atvik þau sem eru til umfjöllunar áttu sér stað fyrir meira en 14 árum. Ég hef mætt til skýrslugjafar fyrir rannsóknarnefndinni og svarað þar spurningum þínum eins og minni mitt og vitneskja stóð til. Engin gögn voru þá lögð fram af þinni hálfu sem gátu skýrt fyrir mér að hverju væri verið að leita. Ég hef því ekki átt kost á því að staðreyna hvort lýsing málsatvika í bréfi þínu sé rétt.

Í bréfinu eru rakin atvik sem eiga að hafa átt sér stað eða ekki átt sér stað. Nöfnum einhverra aflandsfélaga er slengt fram. Ýjað að því að einhverjir aðilar hafi komið að einhverjum viðskiptum fyrir 14 árum síðan. Að mér hafi verið veittar upplýsingar o.s.frv. Sem fyrr eru mér engin gögn sýnd af hálfu nefndarinnar. Því miður get ég ekki aðstoðað nefndina við að svara þeim spurningum sem að mér er beint. Mig rekur ekki minni til þeirra aflandsfélaga sem nefnd eru í bréfi þínu. Um starfsemi bankans giltu reglur um bankaleynd. Kaupþing var eins og þú væntanlega hefur lesið þér til um umsvifamikill aðili í viðskiptum, bæði lánaviðskiptum og afleiðuviðskiptum. Ég vil leyfa mér að fullyrða að þau viðskipti hafi ætíð farið að lögum þess tíma er þau áttu sér stað, -þrátt fyrir dóma um m.a. Al Thani viðskiptin sem þú ert væntanlega sammála mér um að stenst enga skoðun.

Ég get fullyrt við þig að ég naut ekki ávinnings af þeim viðskiptum sem lýst er í bréfi þínu. Þá get ég upplýst þig um að ég veit ekki annað en að hinn þýski banki Hauck & Aufhäuser hafi verið hluthafi í Búnaðarbankanum og síðar í sameinuðum banka Kaupþings Búnaðarbanka hf. í gegnum eignarhald í félaginu Eglu hf. Fulltrúi þýska bankans var eftir sameiningu bankanna kjörinn í bankaráð Kaupþings Búnaðarbanka og sinnti skyldum sínum vel í stjórn bankans.

Ég vil að lokum nota þetta tækifæri til þess að lýsa undrun og vonbrigðum með þau vinnubrögð sem þú hefur notað í þessu máli. Ég mætti á þinn fund í Héraðsdómi Reykjavíkur, að viðstöddum héraðsdómara, þar sem ég leitaðist við að svara þeim spurningum sem þú beindir til mín. Þar var ekki einu orði minnst á þau gögn sem er nú vitnað til í bréfi þínu frá 13. mars sl. Þessi gögn virðast vera ástæðan fyrir skipun nefndarinnar. Sú fyrirætlan þín að skila skýrslu á grundvelli gagnanna án þess að hafa einu sinni kynnt þau eða borið undir mig vekur hjá mér ótta um að rannsóknin sé hrein sýndarmennska og væntanlegar niðurstöður í skýrslu þinni hafi verið fyrir fram ákveðnar.

Virðingarfyllst,


Sigurður Einarsson

Reykjavík 13. mars 2017

Hr. Steingrímur Kárasen
Lúxemborg

Vísað er til fyrri samskipta vegna rannsóknar sem Alþingi samþykkti ályktun um 2. júní 2016 á þátttöku þýska bankans Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGaA („Hauck & Aufhäuser“) í kaupum á 45,8% eignarhlut ríkisins í Búnaðarbanka Íslands hf.

Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 68/2011, er sérhverjum, jafnt einstaklingum, stofnunum sem lögaðilum, skylt að verða við kröfu rannsóknarnefndarinnar um að láta í té gögn sem hún fer fram á. Í 2. mgr. 7. gr. er jafnframt kveðið á um að sömu aðilum og greinir í 1. mgr. sé jafnframt skylt að verða við óskum rannsóknarnefndar um að skýra skriflega frá athöfnum sínum og svara skriflega fyrirspurnum hennar.

Í ljósi upplýsinga og gagna sem nefndin hefur aflað við rannsókn sína, og þess sem slík gögn og upplýsingar sýna fram á um framangreint rannsóknarefni nefndarinnar, telur nefndin rétt, áður en vinnu við skýrslu nefndarinnar lýkur, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 68/2011, að leita eftir frekari skýringum yðar um ákveðin atriði. Sú ósk er sett fram með vísan til áðurnefnds ákvæðis 2. mgr. 7. gr. laga nr. 68/2011.

Til efni þessa er að gögn og upplýsingar rannsóknarnefndarinnar sýna að dagana áður en skrifað var undir kaupsamning Eglu hf. og annarra lögaðila (það er hins svonefnda S-hóps) um kaup á hlut íslenska ríkisins í Búnaðarbankanum hf. 16. janúar 2003, stóð hópur manna að gerð tveggja samninga varðandi hluti Hauck & Aufhäuser í Eglu hf. á milli annars vegar Hauck & Aufhäuser og hins vegar afluðsfélagsins Welling & Partners Limited, skráðu á Bresku-Jómfrúaeypjum, sem Kaupþing hf. útvegaði til að standa að samningunum. Annar samningurinn var svonefndur söluréttarsamningur (e. Put Option Agreement) og hinn varðaði veð- og tryggingaráðstafanir vegna þessarar samningagerðar (e. Pledge and Security Agreement). Í þeim hópi manna sem stóð að gerð þessara samninga voru í fyrsta lagi nokkrir starfsmenn Kaupþings hf. á Íslandi og dótturfélags þess, Kaupthing Luxembourg S.A. í Lúxemborg; í öðru lagi menn sem rannsóknarnefndin telur ljóst að voru þar fulltrúar Ólafs

Ólafssonar, þáverandi forstjóra Samskipa hf. og helsta forsvarsmanns S-hópsins, einkum þá Guðmundur Hjaltason, þáverandi framkvæmdastjóri hjá Samskipum hf.; og í þriðja lagi starfsmenn Hauck & Aufhäuser, einkum þá Martin Zeil, þáverandi forstöðumaður lögfræðideildar bankans.

Ekki verður séð að íslenska ríkið eða aðrar stofnanir þess hafi á nokkru stigi verið upplýst um gerð þessara samninga, efni þeirra og áhrif, sem og atvik varðandi síðari framkvæmd þeirra.

Samkvæmt þeim gögnum sem rannsóknarnefndin hefur undir höndum fólu þessir samningar í meginatriðum í sér að þátttaka Hauck & Aufhäuser gegnum Eglu hf. í kaupum á umræddum hlut ríkisins í Búnaðarbankanum var í reynd aðeins að nafni til. Rannsóknarnefndin telur ekki verða annað ráðið af þessum gögnum en að fjárfesting Hauck & Aufhäuser í gegnum Eglu hf. í, og síðar með sama hætti eignarhald á, hlutum í Búnaðarbankanum hafi vegna ákvæða fyrrgreindra samninga aðeins verið til málamynda og tímabundið. Þá verður ekki annað séð af sömu gögnum en að þýska bankanum hafi verið tryggt skaðleysi af þátttöku sinni í þessum viðskiptum, hann hafi enga fjárhagslega áhættu tekið með þeim og fjárhagslegir hagsmunir bankans af þeim hafi takmarkast við þöknun sem samið var um samkvæmt samningunum en öll hagnaðarvon af umræddum hlutum í Eglu hf. þess í stað verið áskilin gagnaðila bankans að samningunum, það er fyrrgreindu aflandsfélagi, Welling & Partners Limited.

Rétt er að fram komi að rannsóknarnefndin hefur einnig undir höndum gögn sem varpa ljósi á síðari framkvæmd fyrrgreindra tveggja samninga samkvæmt efni sínu og ráðstafanir sem þeim tengdust, meðal annars af hálfu starfsmanna Kaupþings hf. og Kaupthing Bank Luxembourg S.A. Má þar einkum nefna viðskipti milli Hauck & Aufhäuser og Welling & Partners Limited með umrædda hluti í Eglu hf. sem fóru fram á grundvelli ákvæða samninganna á næstu misserum eftir gerð þeirra og fjárhagslegt uppgjör sem að endingu átti sér stað á hagnaði aflandsfélagsins vegna þeirra viðskipta.

Í væntanlegri skýrslu rannsóknarnefndarinnar um rannsókn sína verður gerð grein fyrir framangreindum atvikum og tengdum atvikum í samræmi við fyrirbyggjandi gögn og upplýsingar rannsóknarnefndarinnar.

Þér voruð yfirmaður áhættustýringar Kaupþings hf. á þessum tíma. Gögn rannsóknarnefndar sýna að yður var kunnugt um gerð þessara samninga og áttuð einnig þátt í ráðstöfunum sem tengdust gerð þeirra, svo sem lánaþyrirgreiðslu Kaupþings hf. að fjárhæð um 35 milljónir Bandaríkjadala til aflandsfélagsins.

Í ljósi þess sem að framan er rakið er óskað eftir að þér upplýsið nefndina með skriflegu svari, sbr. áðurnefnt ákvæði 2. mgr. 7. gr. laga nr. 68/2011, um eftirfarandi atriði:

1. Hvers vegna voru þessir samningar gerðir?
2. Hver átti frumkvæði að gerð þeirra?
3. Hvernig kom þátttaka Kaupþings hf. í gerð þeirra til, það er hverjir af hálfu félagsins tóku ákvörðun um það (hér er átt við hvort heldur starfsmenn eða hluthafa), um það bil hvenær var hún fyrst afráðin og þá með hvaða nánari hætti?
4. Hver eða hverjir áttu einkum þátt í að ákveða meginefni þessara tveggja samninga, sbr. lýsingu á því hér á undan, eða lögðu það fyrst til?
5. Höfðu þáverandi stjórn Kaupþings hf. og/eða stærstu hluthafar félagsins vitneskju um gerð samninganna og þá fjárhagslegu fyrirgreiðslu sem Kaupþing hf. veitti samkvæmt framangreindu í beinum tengslum við gerð þeirra? Ef svo, hvaða einstaklingar þá?
6. Hvers vegna hefur aldrei verið upplýst opinberlega um efni samninganna og aðkomu Kaupþings hf.?
7. Hvaða aðilar báru í reynd og endanlega þá fjárhagslegu áhættu af viðkomandi hlutum í Eglu hf. sem Hauck & Aufhäuser hefði ella borið án tilkomu samninganna tveggja og hverjir nutu þess fjárhagslega ávinnings af viðskiptum með viðkomandi hluti í Eglu hf. sem Hauck & Aufhäuser hefði annars á sama hátt fallið í skaut?

Ef þeir aðilar sem báru áhættuna og áttu rétt til ávinningsins voru lögaðilar er óskað eftir að þér upplýsið um hvort yður sé kunnugt um hvaða einstaklingar stóðu að baki þeim lögaðilum. Ef yður er ekki kunnugt um eða rekur ekki minni

til þess hvaða lögaðilar eða einstaklingar nutu endanlega fjárhagslegs ávinnings af umræddum viðskiptum er óskað eftir að þér upplýsið um hvaða lögaðilar eða einstaklingar var við undirbúning og gerð samninganna fyrirhugað að myndu njóta slíks ávinnings ef einhver yrði.

8. Nutuð þér sjálfur fjárhagslegs ávinnings af þeim viðskiptum með viðkomandi hluti í Eglu hf. sem áttu sér stað á grundvelli samninganna á misserunum eftir gerð þeirra?
9. Þekkið þér til aflandsfélags með heitinu Dekhill Advisors Limited, skráð á Bresku-Jómfrúareyjum 25. júlí 2005? Ef og að því marki sem svo kann að vera óskar nefndin þess að þér gerið í meginatriðum grein fyrir vitneskju yðar um það félag. Einkum er þá átt við, ef því er að skipta, í fyrsta lagi hvaða einstaklingar séu eða hafi verið raunverulegir eigendur þess (sem sagt endanlega, þ. á m. þá hugsanlega í gegnum aðra lögaðila) eða kynnu á öðrum grundvelli að vera eða hafa verið haghafar að eignum félagsins og í öðru lagi að þér upplýsið nefndina um allar þær ráðstafanir á eignum félagsins sem yður kann að vera kunnugt um.

Yður er hér með veittur frestur til kl. 15:00 mánudaginn 20. mars nk. til senda skriflegt svar við þessu bréfi á netfangið kjartan.bjorgvinsson@rna.is. Þar sem Alþingi hefur ályktað að rannsókn nefndarinnar skuli ljúka svo fljótt sem verða má, sbr. ályktun Alþingis frá 15. desember 2016 um breytingu á ályktun Alþingis nr. 40/145, um rannsókn á erlendra þátttöku í kaupum á 45,8% eignarhlut í Búnaðarbanka Íslands hf. o.fl., verða ekki veittir frekari frestir til að svara þessu bréfi.

Hafi svar yðar við bréfi nefndarinnar ekki borist innan þessa frests mun rannsóknarnefnd Alþingis líta svo á að þér hafið kosið að svara ekki bréfinu. Áréttar ber að þar sem fyrirspurnum rannsóknarnefndarinnar er beint til yðar persónulega og þær lúta að vitnisburði um málsatvik sem þér hafið upplifað af eigin raun væntir nefndin þess að þér undirritið í eigin nafni svarbréf yðar til nefndarinnar enda væri annað, að mati nefndarinnar, ekki í samræmi við áðurnefnt ákvæði 2. mgr. 7. gr. laga nr. 68/2011 sem fyrirspurnir nefndarinnar byggjast á eða önnur ákvæði sömu laga sem varða upplýsingaöflun og upplýsingagjöf til rannsóknarnefndar. Berist svar undirritað af öðrum en yður mun nefndin

Því ekki eiga annan kost en að líta svo á að þér hafið þar með kosið að svara ekki bréfi nefndarinnar.

Vakin er athygli á að ákvæði 4. mgr. 10. gr. laga nr. 68/2011 mælir fyrir um undantekningar frá m.a. skyldum til að afhenda gögn eða veita upplýsingar samkvæmt 7. gr. sömu laga. Líkt og komið hefur fram byggjast ofangreindar fyrirspurnir nefndarinnar á 2. mgr. 7. gr. Vísað er nánar til ákvæða 4. mgr. 10. gr. laganna að þessu leyti.

Virðingarfyllt,


f.h. rannsóknarnefndar Alþingis

Kjartan Bjarni Björgvinsson

Birt ____ mars 2017, kl.

Steingrímur Kárasen

Lúxemborg 20. mars 2017

Kjartan Bjarni Björgvinsson
Rannsóknarnefnd Alþingis

Sú samantekt og þær upplýsingar sem þú lætur mér í té í bréfi þínu dagsettu 13. mars 2017, breyta ekki því að ég man ekki með neinni vissu eftir tilgreindum, meintum gjörningum og treysti mér því ekki til að svara með tilhlýðilega áreiðanlegum hætti þeim spurningum sem þú setur fram í lok bréfs þíns.

Spurning númer 8 er þó undantekning en ég tel mig, með fullri vissu, geta fullyrt að sjálfur hef ég aldrei notið fjárhagslegs ávinnings af viðskiptum með hlutabréf Egju hf., hvort sem þau viðskipti kunna að hafa tengst tilgreindum meintum gjörningum eða ekki.

Virðingarfyllt,



Steingrímur Káason

Reykjavík 13. mars 2017

Hr. Bjarki Diego
Lálandi 5
108 Reykjavík.

Vísað er til fyrri samskipta vegna rannsóknar sem Alþingi samþykkti ályktun um 2. júní 2016 á þátttöku þýska bankans Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGaA („Hauck & Aufhäuser“) í kaupum á 45,8% eignarhlut ríkisins í Búnaðarbanka Íslands hf.

Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 68/2011, er sérhverjum, jafnt einstaklingum, stofnunum sem lögaðilum, skylt að verða við kröfu rannsóknarnefndarinnar um að láta í té gögn sem hún fer fram á. Í 2. mgr. 7. gr. er jafnframt kveðið á um að sömu aðilum og greinir í 1. mgr. sé jafnframt skylt að verða við óskum rannsóknarnefndar um að skýra skriflega frá athöfnum sínum og svara skriflega fyrirspurnum hennar.

Í ljósi upplýsinga og gagna sem nefndin hefur aflað við rannsókn sína, og þess sem slík gögn og upplýsingar sýna fram á um framangreint rannsóknarefni nefndarinnar, telur nefndin rétt, áður en vinnu við skýrslu nefndarinnar lýkur, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 68/2011, að leita eftir frekari skýringum yðar um ákveðin atriði. Sú ósk er sett fram með vísan til áðurnefnds ákvæðis 2. mgr. 7. gr. laga nr. 68/2011.

Tilfni þessa er að gögn og upplýsingar rannsóknarnefndarinnar sýna að dagana áður en skrifað var undir kaupsamning Eglu hf. og annarra lögaðila (það er hins svonefnda S-hóps) um kaup á hlut íslenska ríkisins í Búnaðarbankanum hf. 16. janúar 2003, stóð hópur manna að gerð tveggja samninga varðandi hluti Hauck & Aufhäuser í Eglu hf. á milli annars vegar Hauck & Aufhäuser og hins vegar aflandsfélagsins Welling & Partners Limited, skráðu á Bresku-Jómfrúareyjum, sem Kaupping hf. útvegaði til að standa að samningunum. Annar samningurinn var svonefndur söluréttarsamningur (e. Put Option Agreement) og hinn varðaði veð- og tryggingaráðstafanir vegna þessarar samningagerðar (e. Pledge and Security Agreement). Í þeim hópi manna sem stóð að gerð þessara samninga voru í fyrsta lagi nokkrir

starfsmenn Kaupþings hf. á Íslandi og dótturfélags þess, Kaupthing Luxembourg S.A. í Lúxemborg; í öðru lagi menn sem rannsóknarnefndin telur ljóst að voru þar fulltrúar Ólafs Ólafssonar, þáverandi forstjóra Samskipa hf. og helsta forsvarsmanns S-hópsins, einkum þá Guðmundur Hjaltason, þáverandi framkvæmdastjóri hjá Samskipum hf.; og í þriðja lagi starfsmenn Hauck & Aufhäuser, einkum þá Martin Zeil, þáverandi forstöðumaður lögfræðideildar bankans.

Ekki verður séð að íslenska ríkið eða aðrar stofnanir þess hafi á nokkru stigi verið upplýst um gerð þessara samninga, efni þeirra og áhrif, sem og atvik varðandi síðari framkvæmd þeirra.

Samkvæmt þeim gögnum sem rannsóknarnefndin hefur undir höndum fólu þessir samningar í meginatriðum í sér að þátttaka Hauck & Aufhäuser gegnum Eglu hf. í kaupum á umræddum hlut ríkisins í Búnaðarbankanum var í reynd aðeins að nafni til. Rannsóknarnefndin telur ekki verða annað ráðið af þessum gögnum en að fjárfesting Hauck & Aufhäuser í gegnum Eglu hf. í, og síðar með sama hætti eignarhald á, hlutum í Búnaðarbankanum hafi vegna ákvæða fyrrgreindra samninga aðeins verið til málamynda og tímabundið. Þá verður ekki annað séð af sömu gögnum en að þýska bankanum hafi verið tryggt skaðleysi af þátttöku sírni í þessum viðskiptum, hann hafi enga fjárhagslega áhættu tekið með þeim og fjárhagslegir hagsmunir bankans af þeim hafi takmarkast við þóknun sem samið var um samkvæmt samningunum en öll hagnaðarvon af umræddum hlutum í Eglu hf. þess í stað verið áskilin gagnaðila bankans að samningunum, það er fyrrgreindu aflandsfélagi, Welling & Partners Limited.

Í þessum gögnum kemur jafnframt fram að þér voruð á meðal þeirra starfsmanna Kaupþings hf. sem önnuðust gerð umræddra samninga.

Rétt er að fram komi að rannsóknarnefndin hefur einnig undir höndum gögn sem varpa ljósi á síðari framkvæmd fyrrgreindra tveggja samninga samkvæmt efni sínu og ráðstafanir sem þeim tengdust, meðal annars af hálfu starfsmanna Kaupþings hf. og Kaupthing Bank Luxembourg S.A. Má þar einkum nefna viðskipti milli Hauck & Aufhäuser og Welling & Partners Limited með umrædda hluti í Eglu hf. sem fóru fram á grundvelli ákvæða samningaruna á næstu misserum eftir gerð þeirra og fjárhagslegt uppgjör sem að endingu átti sér stað á hagnaði aflandsfélagsins vegna þeirra viðskipta.

Í væntanlegri skýrslu rannsóknarnefndarinnar um rannsókn sína verður gerð grein fyrir framangreindum atvikum og tengdum atvikum í samræmi við fyrirliggjandi gögn og upplýsingar rannsóknarnefndarinnar

Í ljósi þess sem að framan er rakið er óskað eftir að þér upplýsið nefndina með skriflegu svari, sbr. áðurnefnt ákvæði 2. mgr. 7. gr. laga nr. 68/2011, um eftirfarandi atriði:

1. Hvers vegna voru þessir samningar gerðir?
2. Hver átti frumkvæði að gerð þeirra?
3. Hvernig kom þátttaka Kaupþings hf. í gerð þeirra til, það er hverjir af hálfu félagsins tóku ákvörðun um það (hér er átt við hvort heldur starfsmenn eða hluthafa), um það bil hvenær var hún fyrst afráðin og þá með hvaða nánari hætti?
4. Hver eða hverjir áttu einkum þátt í að ákveða meginefni þessara tveggja samninga, sbr. lýsingu á því hér á undan, eða lögðu það fyrst til?
5. Höfðu þáverandi stjórn Kaupþings hf. og/eða stærstu hluthafar félagsins vitneskju um gerð samninganna og þá fjárhagslegu fyrirgreiðslu sem Kaupþing hf. veitti samkvæmt framangreindu í beinum tengslum við gerð þeirra? Ef svo, hvaða einstaklingar þá?
6. Hvers vegna hefur aldrei verið upplýst opinberlega um efni samninganna og aðkomu Kaupþings hf.?
7. Hvaða aðilar báru í reynd og endanlega þá fjárhagslegu áhættu af viðkomandi hlutum í Eglu hf. sem Hauck & Aufhäuser hefði ella borið án tilkomu samninganna tveggja og hverjir nutu þess fjárhagslega ávinnings af viðskiptum með viðkomandi hluti í Eglu hf. sem Hauck & Aufhäuser hefði annars á sama hátt fallið í skaut?

Ef þeir aðilar sem báru áhættuna og áttu rétt til ávinningsins voru lögaðilar er óskað eftir að þér upplýsið um hvort yður sé kunnugt um hvaða einstaklingar stóðu að baki þeim lögaðilum. Ef yður er ekki kunnugt um eða rekur ekki minni til þess hvaða lögaðilar eða einstaklingar nutu endanlega fjárhagslegs ávinnings

af umræddum viðskiptum er óskað eftir að þér upplýsið um hvaða lögaðilar eða einstaklingar var við undirbúning og gerð samninganna fyrirhugað að myndu njóta slíks ávinnings ef einhver yrði.

8. Þekkið þér til aflandsfélags með heitinu Dekhill Advisors Limited, skráð á Bresku-Jómfrúareyjum 25. júlí 2005? Ef og að því marki sem svo kann að vera óskar nefndin þess að þér gerið í meginatriðum grein fyrir vitneskju yðar um það félag. Einkum er þá átt við, ef því er að skipta, í fyrsta lagi hvaða einstaklingar séu eða hafi verið raunverulegir eigendur þess (sem sagt endanlega, þ. á m. þá hugsanlega í gegnum aðra lögaðila) eða kynnu á öðrum grundvelli að vera eða hafa verið haghafar að eignum félagsins og í öðru lagi að þér upplýsið nefndina um allar þær ráðstafanir á eignum félagsins sem yður kann að vera kurunugt um.

Yður er hér með veittur frestur til kl. 15:00 mánudaginn 20. mars nk. til senda skriflegt svar við þessu bréfi á netfangið kjartan.bjorgvinsson@rna.is. Þar sem Alþingi hefur ályktað að rannsókn nefndarinnar skuli ljúka svo fljótt sem verða má, sbr. ályktun Alþingis frá 15. desember 2016 um breytingu á ályktun Alþingis nr. 40/145, um rannsókn á erlendri þátttöku í kaupum á 45,8% eignarhlut í Búnaðarbanka Íslands hf. o.fl., verða ekki veittir frekir til að svara þessu bréfi.

Hafi svar yðar við bréfi nefndarinnar ekki borist innan þessa frests mun rannsóknarnefnd Alþingis líta svo á að þér hafið kosið að svara ekki bréfinu. Áréttar ber að þar sem fyrirspurnum rannsóknarnefndarinnar er beint til yðar persónulega og þær líta að vitnisburði um málsatvik sem þér hafið upplifað af eigin raun væntir nefndin þess að þér undirritið í eigin nafni svarbréf yðar til nefndarinnar enda væri annað, að mati nefndarinnar, ekki í samræmi við áður nefnt ákvæði 2. mgr. 7. gr. laga nr. 68/2011 sem fyrirspurnir nefndarinnar byggjast á eða önnur ákvæði sömu laga sem varða upplýsingaöflun og upplýsingagjöf til rannsóknarnefndar. Berist svar undirritað af öðrum en yður mun nefndin því ekki eiga annan kost en að líta svo á að þér hafið þar með kosið að svara ekki bréfi nefndarinnar.

Vakin er athygli á að ákvæði 4. mgr. 10. gr. laga nr. 68/2011 mælir fyrir um undantekningar frá m.a. skyldum til að afhenda gögn eða veita upplýsingar samkvæmt 7. gr.

sömu laga. Líkt og komið hefur fram byggjast ofangreindar fyrirspurnir nefndarinnar á 2. mgr. 7. gr. Vísað er nánar til ákvæða 4. mgr. 10. gr. laganna að þessu leyti.

Virðingarfyllst,



t.h. rannsóknarnefndar Alþingis

Kjartan Bjarni Björgvinsson

Birt ____ mars 2017, kl.

Bjarki Diego

Kjartan Bjarni Björgvinsson

From: Bjarki Diego <bjarki@bba.is>
Sent: mánudagur, 20. mars 2017 14:47
To: Kjartan Bjarni Björgvinsson
Subject: Svarbréf við bréfi RNA, dags. 13. mars sl.

Sæll Kjartan,

Við er til bréfs rannsóknarnefndar Alþingis þar sem óskað er eftir skriflegum svörum við tilgreindum spurningum, með vísan til ákvæða 2. mgr. 7. gr. laga nr. 68/2011.

Í bréfinu er m.a. vísað til tveggja samninga, annars vegar svonefnds söluréttarsamnings (e. Put Option Agreement) og hins vegar samnings sem á að varða veð- og tryggingarráðstafanir (e. Pledge and Security Agreement), og tekið fram að ég sé meðal þeirra starfsmanna Kaupþings hf. sem eigi að hafa annast gerð umræddra samninga, svo vísað sé til þess sem fram kemur í bréfinu.

Ekki er hins vegar útskýrt nánar með hvaða hætti aðkoma mín á að hafa verið að gerð umræddra viðskiptasamninga eða hvers efnið þeir eru. Þá hafa umræddir viðskiptasamningar ekki verið bornir undir mlg eða ég fengið frekarl upplýsingar um samningana eða aðdraganda gerðar þeirra en fram koma í fátæklegrri lýsingu í bréfinu.

Eftir því sem næst verður komist á samningagerð vegna umræddra viðskiptasamninga að hafa átt sér stað fyrir rúmum 14 árum síðan, en ætla má að frá þeim tíma hafi ég með ýmsum og mismunandi hætti komið að gerð og yfirferð nokkur þúsunda viðskiptasamninga, í starfi mínu sem lögmaður og lögfræðingur og framkvæmdastjóri fyrirtækjaráðgjafar og fyrirtækjasviðs hjá Kaupþingi hf. (síðar Kaupþingi Búnaðarbanka hf. og Kaupþingi banka hf.) og Nýja Kaupþingi banka hf.

Svör við tilgreindum spurningum í framangreindu bréfi, sem eðli máls samkvæmt markast af þeim langa tíma sem liðinn er frá því umræddir samningar elga að hafa verið gerðir og að öðru leyti með vísan til þess sem fram kemur hér að framan eru, í sömu röð og fram koma í bréfinu:

1. Ég get ekki sagt til um eða svarað fyrir hvort eða hvers vegna umræddir samningar voru eða elga að hafa verið gerðir.
2. Ég get ekki sagt til um eða svarað fyrir hvort einhver og þá hver eigi að hafa átt frumkvæði að gerð umræddra samninga.
3. Ég get ekki sagt til um eða svarað fyrir hvort eða hvernig þátttaka Kaupþings hf. í gerð umræddra samninga á að hafa vera tilkomin, hvort eða hverjir af hálfu félagsins eigi að hafa komið að ákvörðun um það eða hvort eða hvenær samningagerð eigi að hafa verið afráðin.
4. Ég get ekki sagt til um eða svarað fyrir hvort og þá hver eða hverjir eigi einkum að hafa átt þátt í að ákveða meginefni þeirra samninga sem vísað er til í bréfinu eða eigi að hafa lagt það fyrst til.

5. Ég get ekki sagt til um eða svarað fyrir það hvort þáverandi stjórn eða stjórnarmenn Kaupþings hf. og/eða stærstu hluthafar félagsins hafi haft vitneskju um gerð þeirra samninga sem vísað er til.
6. Ég get ekki sagt til um eða svarað fyrir það hvort eða hvers vegna ekki hafi verið upplýst opinberlega um efni þeirra samninga sem vísað er til.
7. Ég get ekki sagt til um eða svarað fyrir það hvaða aðilar eigið að hafa borið í reynd fjárhagslega áhættu af hlutum í Eglu hf. og/eða hverjir eigi að hafa borið fjárhagslegan ávinning af viðskiptum með hluti í Eglu hf.
8. Ég þekki ekki aflandsfélag með heitinu Dekhill Advisors Limited og minnst þess ekki að hafa nokkurn tíma heyrt það nefnt.

bkv.,
Bjarki Diego

I BBA

Bjarki Diego

// Höfðatorgi, 19. hæð // 105 Reykjavík // Iceland
// Direct +354 550 0523 // Mobile +354 856 0242
// Vcard // www.bba.is // [Fyrirvari/disclaimer](#)

Reykjavík 13. mars 2017

Hr. Magnús Guðmundsson
Lúxemborg

Við er til fyrri samskipta vegna rannsóknar sem Alþingi samþykkti ályktun um 2. júní 2016 á þátttöku þýska bankans Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGaA („Hauck & Aufhäuser“) í kaupum á 45,8% eignarhlut ríkisins í Búnaðarbanka Íslands hf.

Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 68/2011, er sérhverjum, jafnt einstaklingum, stofnunum sem lögaðilum, skylt að verða við kröfu rannsóknarnefndarinnar um að láta í té gögn sem hún fer fram á. Í 2. mgr. 7. gr. er jafnframt kveðið á um að sömu aðilum og greinir í 1. mgr. sé jafnframt skylt að verða við óskum rannsóknarnefndar um að skýra skriflega frá athöfnum sínum og svara skriflega fyrirspurnum hennar.

Í ljósi upplýsinga og gagna sem nefndin hefur aflað við rannsókn sína, og þess sem slík gögn og upplýsingar sýna fram á um framangreint rannsóknarefni nefndarinnar, telur nefndin rétt, áður en vinnu við skýrslu nefndarinnar lýkur, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 68/2011, að leita eftir frekari skýringum yðar um ákveðin atriði. Sú ósk er sett fram með vísan til áðurnefnds ákvæðis 2. mgr. 7. gr. laga nr. 68/2011.

Tilfni þessa er að gögn og upplýsingar rannsóknarnefndarinnar sýna að dagana áður en skrifað var undir kaupsamning Eglu hf. og annarra lögaðila (það er hins svonefnda S-hóps) um kaup á hlut íslenska ríkisins í Búnaðarbankanum hf. 16. janúar 2003, stóð hópur manna að gerð tveggja samninga varðandi hluti Hauck & Aufhäuser í Eglu hf. á milli annars vegar Hauck & Aufhäuser og hins vegar aflandsfélagsins Welling & Partners Limited, skráðu á Bresku-Jómfrúareyjum, sem Kaupþing hf. útvegaði til að standa að samningunum. Annar samningurinn var svonefndur söluréttarsamningur (e. Put Option Agreement) og hinn varðaði veð- og tryggingaráðstafanir vegna þessarar samningagerðar (e. Pledge and Security Agreement). Í þeim hópi manna sem stóð að gerð þessara samninga voru í fyrsta lagi nokkrir starfsmenn Kaupþings hf. á Íslandi og dótturfélags þess, Kaupthing Bank Luxembourg S.A. í Lúxemborg; í öðru lagi menn sem rannsóknarnefndin telur ljóst að voru þar fulltrúar Ólafs

Ólafssonar, þáverandi forstjóra Samskipa hf. og helsta forsvarsmanns S-hópsins, einkum þá Guðmundur Hjaltason, þáverandi framkvæmdastjóri hjá Samskipum hf.; og í þriðja lagi starfsmenn Hauck & Aufhäuser, einkum þá Martin Zeil, þáverandi forstöðumaður lögfræðideildar bankans.

Ekki verður séð að íslenska ríkið eða aðrar stofnanir þess hafi á nokkru stigi verið upplýst um gerð þessara samninga, efni þeirra og áhrif, sem og atvik varðandi síðari framkvæmd þeirra.

Samkvæmt þeim gögnum sem rannsóknarnefndin hefur undir höndum fólu þessir samningar í meginatriðum í sér að þátttaka Hauck & Aufhäuser gegnum Eglu hf. í kaupum á umræddum hlut ríkisins í Búnaðarbankanum var í reynd aðeins að nafni til. Rannsóknarnefndin telur ekki verða annað ráðið af þessum gögnum en að fjárfesting Hauck & Aufhäuser í gegnum Eglu hf. í, og síðar með sama hætti eignarhald á, hlutum í Búnaðarbankanum hafi vegna ákvæða fyrrgreindra samninga aðeins verið til málamynda og tímabundið. Þá verður ekki annað séð af sömu gögnum en að þýska bankanum hafi verið tryggt skaðleysi af þátttöku sinni í þessum viðskiptum, hann hafi enga fjárhagslega áhættu tekið með þeim og fjárhagslegir hagsmunir bankans af þeim hafi takmarkast við þóknun sem samið var um samkvæmt samningunum en öll hagnaðarvon af umræddum hlutum í Eglu hf. þess í stað verið áskilin gagnaðila bankans að samningunum, það er fyrrgreindu aflandsfélagi, Welling & Partners Limited.

Rétt er að fram komi að rannsóknarnefndin hefur einnig undir höndum gögn sem varpa ljósi á síðari framkvæmd fyrrgreindra tveggja samninga samkvæmt efni sínu og ráðstafanir sem þeim tengdust, meðal annars af hálfu starfsmanna Kaupþings hf. og Kaupthing Bank Luxembourg S.A. Má þar einkum nefna viðskipti milli Hauck & Aufhäuser og Welling & Partners Limited með umrædda hluti í Eglu hf. sem fóru fram á grundvelli ákvæða samninganna á næstu misserum eftir gerð þeirra og fjárhagslegt uppgjör sem að endingu átti sér stað á hagnaði aflandsfélagsins vegna þeirra viðskipta.

Í væntanlegri skýrslu rannsóknarnefndarinnar um rannsókn sína verður gerð grein fyrir framangreindum atvikum og tengdum atvikum í samræmi við fyrirliggjandi gögn og upplýsingar rannsóknarnefndarinnar.

Þér voruð framkvæmdastjóri Kaupþings Bank Luxembourg SA á þessum tíma. Gögn rannsóknarnefndar sýna að yður var kunnugt um gerð þessara samninga og síðari framkvæmd þeirra.

Í ljósi þess sem að framan er rakið er óskað eftir að þér upplýsið nefndina með skriflegu svari, sbr. áðurnefnt ákvæði 2. mgr. 7. gr. laga nr. 68/2011, um eftirfarandi atriði:

1. Hvers vegna voru þessir samningar gerðir?
2. Hver átti frumkvæði að gerð þeirra?
3. Hvernig kom þátttaka Kaupþings hf. í gerð þeirra til, það er hverjir af hálfu félagsins tóku ákvörðun um það (hér er átt við hvort heldur starfsmenn eða hluthafa), um það bil hvenær var hún fyrst afráðin og þá með hvaða nánari hætti?
4. Hver eða hverjir áttu einkum þátt í að ákveða meginefni þessara tveggja samninga, sbr. lýsingu á því hér á undan, eða lögðu það fyrst til?
5. Höfðu þáverandi stjórn Kaupþings hf. og/eða stærstu hluthafar félagsins vitneskju um gerð samninganna og þá fjárhagslegu fyrirgreiðslu sem Kaupþing hf. veitti samkvæmt framangreindu í beinum tengslum við gerð þeirra? Ef svo, hvaða einstaklingar þá?
6. Hvers vegna hefur aldrei verið upplýst opinberlega um efni samninganna og aðkomu Kaupþings hf.?
7. Hvaða aðilar báru í reynd og endanlega þá fjárhagslegu áhættu af viðkomandi hlutum í Eglu hf. sem Hauck & Aufhäuser hefði ella borið án tilkomu samninganna tveggja og hverjir nutu þess fjárhagslega ávinnings af viðskiptum með viðkomandi hluti í Eglu hf. sem Hauck & Aufhäuser hefði annars á sama hátt fallið í skaut?

Ef þeir aðilar sem báru áhættuna og áttu rétt til ávinningsins voru lögaðilar er óskað eftir að þér upplýsið um hvort yður sé kunnugt um hvaða einstaklingar stóðu að baki þeim lögaðilum. Ef yður er ekki kunnugt um eða rekur ekki minni til þess hvaða lögaðilar eða einstaklingar nutu endanlega fjárhagslegs ávinnings

af umræddum viðskiptum er óskað eftir að þér upplýsið um hvaða lögaðilar eða einstaklingar var við undirbúning og gerð samninganna fyrirhugað að myndu njóta slíks ávinnings ef einhver yrði.

8. Nutuð þér sjálfur fjárhagslegs ávinnings af þeim viðskiptum með viðkomandi hluti í Eglu hf. sem áttu sér stað á grundvelli samninganna á misserunum eftir gerð þeirra?
9. Þekkið þér til aflandsfélags með heitinu Dekhill Advisors Limited, skráð á Bresku-Jómfrúareyjum 25. júlí 2005? Ef og að því marki sem svo kann að vera óskar nefndin þess að þér gerið í meginatriðum grein fyrir vitneskju yðar um það félag. Einkum er þá átt við, ef því er að skipta, í fyrsta lagi hvaða einstaklingar séu eða hafi verið raunverulegir eigendur þess (sem sagt endanlega, þ. á m. þá hugsanlega í gegnum aðra lögaðila) eða kynnu á öðrum grundvelli að vera eða hafa verið haghafar að eignum félagsins og í öðru lagi að þér upplýsið nefndina um allar þær ráðstafanir á eignum félagsins sem yður kann að vera kunnugt um.

Yður er hér með veittur frestur til kl. 15:00 mánudaginn 20. mars nk. til senda skriflegt svar við þessu bréfi á netfangið kjartan.bjorgvinsson@ma.is. Þar sem Alþingi hefur ályktað að rannsókn nefndarinnar skuli ljúka svo fljótt sem verða má, sbr. ályktun Alþingis frá 15. desember 2016 um breytingu á ályktun Alþingis nr. 40/145, um rannsókn á erlendra þátttöku í kaupum á 45,8% eignarhlut í Búnaðarbanka Íslands hf. o.fl., verða ekki veittir frekari frestir til að svara þessu bréfi.

Hafi svar yðar við bréfi nefndarinnar ekki borist innan þessa frests mun rannsóknarnefnd Alþingis líta svo á að þér hafið kosið að svara ekki bréfinu. Áréttu ber að þar sem fyrirspurnum rannsóknarnefndarinnar er beint til yðar persónulega og þær lúta að vitnisburði um málsatvik sem þér hafið upplifað af eigin raun væntir nefndin þess að þér undirritið í eigin nafni svarbréf yðar til nefndarinnar enda væri annað, að mati nefndarinnar, ekki í samræmi við áður nefnt ákvæði 2. mgr. 7. gr. laga nr. 68/2011 sem fyrirspurnir nefndarinnar byggjast á eða önnur ákvæði sömu laga sem varða upplýsingaöflun og upplýsingagjöf til rannsóknarnefndar. Berist svar undirritað af öðrum en yður mun nefndin

því ekki eiga annan kost en að lita svo á að þér hafið þar með kosið að svara ekki bréfi nefndarinnar.

Vakin er athygli á að ákvæði 4. mgr. 10. gr. laga nr. 68/2011 mælir fyrir um undantekningar frá m.a. skyldum til að afhenda gögn eða veita upplýsingar samkvæmt 7. gr. sömu laga. Líkt og komið hefur fram byggjast ofangreindar fyrirspurnir nefndarinnar á 2. mgr. 7. gr. Vísað er nánar til ákvæða 4. mgr. 10. gr. laganna að þessu leyti.

Virðingarfyllt,


f.h. rannsóknarnefndar Alþingis

Kjartan Bjarni Björgvinsson

Birt ____ mars 2017, kl.

Magnús Guðmundsson

Rannsóknarnefnd Alþingis
Kjartan Bjarni Björgvinsson

Reykjavík 20 mars 2017

Víð er til bréfs rannsóknarnefndarinnar frá 13. mars sl. þar sem óskað er eftir að ég svari tilteknum spurningum nefndarinnar.

Í bréfinu er tekið fram að rannsóknarnefndin hafi undir höndum ýmis gögn sem aldrei hafa verið borið undir mig.

Ég itreka að það sem ég sagði, er ég mætti á fund nefndarinnar þann 24. febrúar 2017, að ég man ekki eftir þessu, í öllu falli ekki með þeim hætti að ég treysti mér að tjá mig. Ég mundi það þannig að ég hafði aldrei talað eða átt samskipti við aðila innan S – hópsins í aðdraganda sögunnar á Búnaðarbankanum, hvað þá að ég hafi komið að gerð einhverja samninga og man ég það ekki öðruvísi í dag.

Hér að neðan eru svör mín:

1. Minnst þess ekki að hafa vitað það og man það í öllu falli ekki í dag.
2. Minnst þess ekki að hafa vitað það og man það í öllu falli ekki í dag.
3. Ég vann ekki hjá Kaupþingi hf. og veit þetta ekki.
4. Minnst þess ekki að hafa vitað það og man það í öllu falli ekki í dag.
5. Ég vann ekki hjá Kaupþingi hf. og veit þetta ekki.
6. Ég vann ekki hjá Kaupþingi hf. og veit þetta ekki, í öllu fali hefði slík skylda aldrei legið hjá mér.
7. Man ekki eftir eðli þessara samninga og þeir hafa ekki verið bornir undir mig af rannsóknarnefndinni.
8. Nei
9. Man ekki eftir þessu nafni eða aðkornu þess.

Magnús Guðmundsson



Reykjavík 15. mars 2017

Fr. Kristín Pétursdóttir
Hringbraut 59
220 Hafnarfirði

Vísað er til fyrri samskipta vegna rannsóknar sem Alþingi samþykkti ályktun um 2. júní 2016 á þátttöku þýska bankans Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGaA („Hauck & Aufhäuser“) í kaupum á 45,8% eignarhlut ríkisins í Búnaðarbanka Íslands hf.

Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 68/2011, er sérhverjum, jafnt einstaklingum, stofnunum sem lögaðilum, skylt að verða við kröfu rannsóknarnefndarinnar um að láta í té gögn sem hún fer fram á. Í 2. mgr. 7. gr. er jafnframt kveðið á um að sömu aðilum og greinir í 1. mgr. sé jafnframt skylt að verða við óskum rannsóknarnefndar um að skýra skriflega frá athöfnum sínum og svara skriflega fyrirspurnum hennar.

Í ljósi upplýsinga og gagna sem nefndin hefur aflað við rannsókn sína, og þess sem slík gögn og upplýsingar sýna fram á um framangreint rannsóknarefni nefndarinnar, telur nefndin rétt, áður en vinnu við skýrslu nefndarinnar lýkur, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 68/2011, að leita eftir frekari skýringum yðar um ákveðin atriði. Sú ósk er sett fram með vísan til áðurnefnds ákvæðis 2. mgr. 7. gr. laga nr. 68/2011.

Tilfni þessa er að gögn og upplýsingar rannsóknarnefndarinnar sýna að dagana áður en skrifað var undir kaupsamning Eglu hf. og annarra lögaðila (það er hins svonefnda S-hóps) um kaup á hlut íslenska ríkisins í Búnaðarbankanum hf. 16. janúar 2003, stóð hópur manna að gerð tveggja samninga varðandi hluti Hauck & Aufhäuser í Eglu hf. á milli annars vegar Hauck & Aufhäuser og hins vegar aflandsfélagsins Welling & Partners Limited, skráðu á Bresku-Jómfrúaeyjum, sem Kaupþing hf. útvegaði til að standa að samningunum. Annar samningurinn var svonefndur söluréttarsamningur (e. Put Option Agreement) og hinn varðaði veð- og tryggingaráðstafanir vegna þessarar samningagerðar (e. Pledge and Security Agreement). Í þeim hópi manna sem stóð að gerð þessara samninga voru í fyrsta lagi nokkrir starfsmenn Kaupþings hf. á Íslandi og dótturfélags þess, Kaupthing Luxembourg S.A. í

Lúxemborg; í öðru lagi menn sem rannsóknarnefndin telur ljóst að voru þar fulltrúar Ólafs Ólafssonar, þáverandi forstjóra Samskipa hf. og helsta forsvarsmanns S-hópsins, einkum þá Guðmundur Hjaltason, þáverandi framkvæmdastjóri hjá Samskipum hf.; og í þriðja lagi starfsmenn Hauck & Aufhäuser, einkum þá Martin Zeil, þáverandi forstöðumaður lögfræðideildar bankans.

Ekki verður séð að íslenska ríkið eða aðrar stofnanir þess hafi á nokkru stigi verið upplýst um gerð þessara samninga, efni þeirra og áhrif, sem og atvik varðandi síðari framkvæmd þeirra.

Samkvæmt þeim gögnum sem rannsóknarnefndin hefur undir höndum fólu þessir samningar í meginatriðum í sér að þátttaka Hauck & Aufhäuser gegnum Eglu hf. í kaupum á umræddum hlut ríkisins í Búnaðarbankanum var í reynd aðeins að nafni til. Rannsóknarnefndin telur ekki verða annað ráðið af þessum gögnum en að fjárfesting Hauck & Aufhäuser í gegnum Eglu hf. í, og síðar með sama hætti eignarhald á, hlutum í Búnaðarbankanum hafi vegna ákvæða fyrrgreindra samninga aðeins verið til málamynda og tímabundið. Þá verður ekki annað séð af sömu gögnum en að þýska bankanum hafi verið tryggt skaðleysi af þátttöku sinni í þessum viðskiptum, hann hafi enga fjárhagslega áhættu tekið með þeim og fjárhagslegir hagsmunir bankans af þeim hafi takmarkast við þóknun sem samið var um samkvæmt samningunum en öll hagnaðarvon af umræddum hlutum í Eglu hf. þess í stað verið áskilin gagnaðila bankans að samningunum, það er fyrrgreindu aflandsfélagi, Welling & Partners Limited.

Rétt er að fram komi að rannsóknarnefndin hefur einnig undir höndum gögn sem varpa ljósi á síðari framkvæmd fyrrgreindra tveggja samninga samkvæmt efni sínu og ráðstafanir sem þeim tengdust, meðal annars af hálfu starfsmanna Kaupþings hf. og Kaupthing Bank Luxembourg S.A. Má þar einkum nefna viðskipti milli Hauck & Aufhäuser og Welling & Partners Limited með umrædda hluti í Eglu hf. sem fóru fram á grundvelli ákvæða samninganna á næstu misserum eftir gerð þeirra og fjárhagslegt uppgjör sem að endingu átti sér stað á hagnaði aflandsfélagsins vegna þeirra viðskipta.

Í væntanlegri skýrslu rannsóknarnefndarinnar um rannsókn sína verður gerð grein fyrir framangreindum atvikum og tengdum atvikum í samræmi við fyrirbyggjandi gögn og upplýsingar rannsóknarnefndarinnar.

Þér voruð forstöðumaður fjárstýringar Kaupþings hf. á þessum tíma. Gögn rannsóknarnefndar sýna að yður var kunnugt um gerð þessara samninga og áttuð einnig þátt í ráðstöfunum sem tengdust gerð þeirra, svo sem lánaþyrirgreiðslu Kaupþings hf. að fjárhæð um 35 milljónir Bandaríkjadala til aﬂandsfélagsins.

Í ljósi þess sem að framan er rakið er óskað eftir að þér upplýsið nefndina með skriflegu svari, sbr. áðurnefnt ákvæði 2. mgr. 7. gr. laga nr. 68/2011, um eftirfarandi atriði:

1. Hvers vegna voru þessir samningar gerðir?
2. Hver átti frumkvæði að gerð þeirra?
3. Hvernig kom þátttaka Kaupþings hf. í gerð þeirra til, það er hverjir af hálfu félagsins tóku ákvörðun um það (hér er átt við hvort heldur starfsmenn eða hluthafa), um það bil hvenær var hún fyrst afráðin og þá með hvaða nánari hætti?
4. Hver eða hverjir áttu einkum þátt í að ákveða meginefni þessara tveggja samninga, sbr. lýsingu á því hér á undan, eða lögðu það fyrst til?
5. Höfðu þáverandi stjórn Kaupþings hf. og/eða stærstu hluthafar félagsins vitneskju um gerð samninganna og þá fjárhagslegu þyrirgreiðslu sem Kaupþing hf. veitti samkvæmt framangreindu í beinum tengslum við gerð þeirra? Ef svo, hvaða einstaklingar þá?
6. Hvers vegna hefur aldrei verið upplýst opinberlega um efni samninganna og aðkomu Kaupþings hf.?
7. Hvaða aðilar báru í reynd og endanlega þá fjárhagslegu áhættu af viðkomandi hlutum í Eglu hf. sem Hauck & Aufhäuser hefði ella borið án tilkomu samninganna tveggja og hverjir nutu þess fjárhagslega ávinnings af viðskiptum með viðkomandi hluti í Eglu hf. sem Hauck & Aufhäuser hefði annars á sama hátt fallið í skaut?

Ef þeir aðilar sem báru áhættuna og áttu rétt til ávinningsins voru lögaðilar er óskað eftir að þér upplýsið um hvort yður sé kunnugt um hvaða einstaklingar stóðu að baki þeim lögaðilum. Ef yður er ekki kunnugt um eða rekur ekki minni

til þess hvaða lögaðilar eða einstaklingar nutu endanlega fjárhagslegs ávinnings af umræddum viðskiptum er óskað eftir að þér upplýsið um hvaða lögaðilar eða einstaklingar var við undirbúning og gerð samninganna fyrirhugað að myndu njóta slíks ávinnings ef einhver yrði.

8. Nutuð þér sjálfur fjárhagslegs ávinnings af þeim viðskiptum með viðkomandi hluti í Eglu hf. sem áttu sér stað á grundvelli samninganna á misserunum eftir gerð þeirra?
9. Þekkið þér til aflandsfélags með heitinu Dekhill Advisors Limited, skráð á Bresku-Jómfrúareyjum 25. júlí 2005? Ef og að því marki sem svo kann að vera óskar nefndin þess að þér gerið í meginatriðum grein fyrir vitneskju yðar um það félag. Einkum er þá átt við, ef því er að skipta, í fyrsta lagi hvaða einstaklingar séu eða hafi verið raunverulegir eigendur þess (sem sagt endanlega, þ. á m. þá hugsanlega í gegnum aðra lögaðila) eða kynnu á öðrum grundvelli að vera eða hafa verið haghafar að eignum félagsins og í öðru lagi að þér upplýsið nefndina um allar þær ráðstafanir á eignum félagsins sem yður kann að vera kunnugt um.

Yður er hér með veittur frestur til kl. 15:00 þriðjudaginn 21. mars nk. til senda skriflegt svar við þessu bréfi á netfangið kiartan.bjorgvinsson@rna.is. Þar sem Alþingi hefur ályktað að rannsókn nefndarinnar skuli ljúka svo fljótt sem verða má, sbr. ályktun Alþingis frá 15. desember 2016 um breytingu á ályktun Alþingis nr. 40/145, um rannsókn á erlendri þátttöku í kaupum á 45,8% eignarhlut í Búnaðarbanka Íslands hf. o.fl., verða ekki veittir frekari frestir til að svara þessu bréfi.


Hafi svar yðar við bréfi nefndarinnar ekki borist innan þessa frests mun rannsóknarnefnd Alþingis líta svo á að þér hafið kosið að svara ekki bréfinu.

Vakin er athygli á því að þær upplýsingar sem fram koma í bréfi þessu eru bundnar þagnarskyldu samkvæmt 58. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Yður er því ekki heimilt að greina frá þeim opinberlega eða upplýsa óviðkomandi um innihald þeirra að svo stöddu.

Árétta ber að þar sem fyrirspurnum rannsóknarnefndarinnar er beint til yðar persónulega og þær lúta að vitnisburði um málsatvik sem þér hafið upplifað af eigin raun væntir nefndin þess að þér undirritið í eigin nafni svarbréf yðar til nefndarinnar enda væri annað, að mati nefndarinnar, ekki í samræmi við áðurnefnt ákvæði 2. mgr. 7. gr. laga nr. 68/2011 sem fyrirspurnir nefndarinnar byggjast á eða önnur ákvæði sömu laga sem varða upplýsingaöflun og upplýsingagjöf til rannsóknarnefndar. Berist svar undirritað af öðrum en yður mun nefndin því ekki eiga annan kost en að líta svo á að þér hafið þar með kosið að svara ekki bréfi nefndarinnar.

Vakin er athygli á að ákvæði 4. mgr. 10. gr. laga nr. 68/2011 mælir fyrir um undantekningar frá m.a. skyldum til að afhenda gögn eða veita upplýsingar samkvæmt 7. gr. sömu laga. Líkt og komið hefur fram byggjast ofangreindar fyrirspurnir nefndarinnar á 2. mgr. 7. gr. Vísað er nánar til ákvæða 4. mgr. 10. gr. laganna að þessu leyti

Virðingarfyllst,


f.h. rannsóknarnefndar Alþingis

Kjartan Bjarni Björgvinsson

Kjartan Bjarni Björgvinsson

From: Kristín Pétursdóttir <kristinp65@yahoo.com>
Sent: þriðjudagur, 21. mars 2017 07:56
To: Kjartan Bjarni Björgvinsson
Subject: Re: Bréf frá rannsóknarnefnd Alþingis.

Visað er til erindið rannsóknarnefndar Alþingis dags. 15. mars 2017 þar sem óskað er tiltekinna upplýsinga frá undirritaðri. Í erindinu er tilgreint að nefndin hafi gögn um að undirritaðri var kunnugt um gerð tiltekinna samninga sem nefndir eru í bréfinu og þátttöku í ráðstöfunum sem tengdust gerð þeirra. Eins og fram kom í samtali við Kjartan Björgvin í gær, þar sem óskað var upplýsinga um það hver nefnd gögn eru, þá kannast undirrituð ekki við þá samninga eða ákvarðanir sem nefndar eru. Ekki er útilokað að einhver aðkoma hafi verið að einstökum samningum og ráðstöfunum vegna þeirra á þeim tíma sem undirrituð starfaði hjá Kaupþingi en vegna þess langa tíma sem liðinn er er erfitt að segja til um það með afgerandi hætti, sérstaklega þegar umrædd skjöl liggja ekki fyrir. Varðandi spurningar sem beint er til mín þá get ég með vísan til ofangreinds ekki svarað spurningunum.

Virðingarfyllst,
Kristín Pétursdóttir

From: Kjartan Bjarni Björgvinsson <kjartan.bjorgvinsson@rna.is>
To: "kristinp65@yahoo.com" <kristinp65@yahoo.com>
Sent: Wednesday, 15 March 2017, 15:00
Subject: Bréf frá rannsóknarnefnd Alþingis.

Sæl Kristín,

Meðfylgjandi er bréf frá rannsóknarnefnd Alþingis til þín.

Vinsamlega staðfestu móttöku bréfsins.

Virðingarfyllst,
f.h. rannsóknarnefndar Alþingis
Kjartan Bjarni Björgvinsson

Reykjavík 15. mars 2017

Hr. Ágúst Guðmundsson
Bretlandi

Undirritaður stýrir rannsóknarnefnd Alþingis um þátttöku þýska bankans Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGaA (H&A) í kaupum Eglu hf. o.fl. á 45,8% eignarhlut ríkisins í Búnaðarbanka Íslands hf. (BÍ) árið 2003, sbr. ályktun Alþingis frá 2. júní 2016 en forseti Alþingis fól í kjölfarið undirrituðum rannsóknina samkvæmt 2. gr. laga nr. 68/2011, um rannsóknarnefndir.

Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 68/2011, er sérhverjum, jafnt einstaklingum, stofnunum sem lögaðilum, skylt að verða við kröfu rannsóknarnefndarinnar um að láta í té gögn sem hún fer fram á. Í 2. mgr. 7. gr. er jafnframt kveðið á um að sömu aðilum og greinir í 1. mgr. sé jafnframt skylt að verða við óskum rannsóknarnefndar um að skýra skriflega frá athöfnum sínum og svara skriflega fyrirspurnum hennar.

Í ljósi upplýsinga og gagna sem nefndin hefur aflað við rannsókn sína telur nefndin rétt, áður en vinnu við skýrslu nefndarinnar lýkur, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 68/2011, að leita eftir skýringum yðar um ákveðin atriði. Sú ósk er sett fram með vísan til áðurnefnds ákvæðis 2. mgr. 7. gr. laga nr. 68/2011.

Tilfni þessa er að gögn og upplýsingar rannsóknarnefndarinnar sýna að dagana áður en skrifað var undir kaupsamning Eglu hf. og annarra lögaðila (það er hins svonefnda S-hóps) um kaup á hlut íslenska ríkisins í Búnaðarbankanum hf. 16. janúar 2003, stóð hópur manna að gerð tveggja samninga varðandi hluti Hauck & Aufhäuser í Eglu hf. á milli annars vegar Hauck & Aufhäuser og hins vegar félagsins Welling & Partners Limited, skráðu á Bresku-Jómfrúareyjum, sem Kaupþing hf. útvegaði til að standa að samningunum.

Samkvæmt þeim gögnum sem rannsóknarnefndin hefur undir höndum fólu þessir samningar í meginatriðum í sér að þátttaka Hauck & Aufhäuser gegnum Eglu hf. í kaupum á

umræddum hlut ríkisins í Búnaðarbankanum var í reynd aðeins að nafni til. Rannsóknarnefndin telur ekki verða annað ráðið af þessum gögnum en að fjárfesting Hauck & Aufhäuser í gegnum Eglu hf. i, og síðar með sama hætti eignarhald á, hlutum í Búnaðarbankanum hafi vegna ákvæða fyrrgreindra samninga aðeins verið til málamynda og tímabundið. Þá verður ekki annað séð af sömu gögnum en að þýska bankanum hafi verið tryggt skaðleysi af þátttöku sírni í þessum viðskiptum, hann hafi enga fjárhagslega áhættu tekið með þeim og fjárhagslegir hagsmunir bankans af þeim hafi takmarkast við þóknun sem samið var um samkvæmt samningunum en öll hagnaðarvon af umræddum hlutum í Eglu hf. þess í stað verið áskilin gagnaðila bankans að samningunum, það er Welling & Partners Limited.

Rétt er að fram komi að rannsóknarnefndin hefur einnig undir höndum gögn sem varpa ljósi á síðari framkvæmd fyrrgreindra tveggja samninga samkvæmt efni sínu og ráðstafanir sem þeim tengdust, meðal annars af hálfu starfsmanna Kaupþings hf. og Kaupthing Bank Luxembourg S.A. Má þar einkum nefna viðskipti milli Hauck & Aufhäuser og Welling & Partners Limited með umrædda hluti í Eglu hf. sem fóru fram á grundvelli ákvæða samninganna á næstu misserum eftir gerð þeirra og fjárhagslegt uppgjör sem að endingu átti sér stað á hagnaði Welling & Partners Limited vegna þeirra viðskipta.

Af gögnum rannsóknarnefndar verður ráðið að þér hafið á þessum tíma verið hluthafi í Kaupþingi gegnum félagið Meið ehf.

Í gögnum rannsóknarnefndar kemur enn fremur fram að ráðgert hafi verið að félag með heitinu Jeff Agents Corp nyti m.a. fjárhagslegs ávinnings af Welling & Partners. Þá hefur rannsóknarnefndin enn fremur undir höndum drög að samkomulagi sem bera með sér að vera á milli annars vegar félagsins KV Associates S.A., sem skráð er í Lúxemborg, og hins vegar yðar og Lýðs Guðmundssonar. Í drögunum er kveðið á um það að KV Associates S.A. stýri félaginu Jeff Agents Corp fyrir raunverulega eigendur þess, sem tilgreindir eru sem þér og Lýðs Guðmundsson. Drögin bera dagsetninguna 29. janúar 2003 en eru á sama hátt og hin tvö fyrrnefndu aðeins undirrituð af hálfu Karim Van den Ende, f.h. KV Associates S.A., en yðar og Lýðs sem annars hinna raunverulegu eigenda samkvæmt samkomulagsdrögunum.

Af gögnum rannsóknarnefndar verður ekki séð að greiðslur vegna fjárhagslegs uppgjörs Welling & Partners Limited hafi runnið með beinum hætti til Jeff Agents Corp. Í

gögnum nefndarinnar koma hins vegar fram upplýsingar um að greiðslur sem hefðu svarað til þeirra greiðslna sem renna áttu til Jeff Agents Corp samkvæmt framangreindu hafi síðar runnið til félagsins Dekhill Advisors Limited, sem skráð var á Bresku-Jómfrúareyjum 25. júlí 2005.

Í væntanlegri skýrslu rannsóknarnefndarinnar um rannsókn sína verður gerð grein fyrir framangreindum atvikum og tengdum atvikum í samræmi við fyrirbyggjandi gögn og upplýsingar rannsóknarnefndarinnar.

Í ljósi þess sem að framan er rakið er óskað eftir að þér upplýsið nefndina með skriflegu svari, sbr. áður nefnt ákvæði 2. mgr. 7. gr. laga nr. 68/2011, um eftirfarandi atriði:

1. Óskað er eftir að þér veitið nefndinni allar upplýsingar sem þér kunnið að hafa vitneskju um og tengjast félaginu Welling & Partners og þeim viðskiptum sem lýst hefur verið hér að framan. Einkum er þá átt við, ef því er að skipta, í fyrsta lagi hvaða einstaklingar séu eða hafi verið raunverulegir eigendur þess (sem sagt endanlega, þ. á m. þá hugsanlega í gegnum aðra lögaðila) eða kynnu á öðrum grundvelli að vera eða hafa verið haghafar að eignum félagsins.

Þá er þess einnig óskað að þér upplýsið nefndina um allar þær ráðstafanir á eignum félagsins sem yður kann að vera kunnugt um sem og hverjir nutu fjárhagslegs ávinnings af fjármunum sem á einhverjum tímapunkti voru í vörslum eða undir umráðum félagsins.

2. Óskað er eftir að þér veitið rannsóknarnefndinni með sama hætti allar sömu upplýsingar og greindar eru í lið 1) sem þér kunnið að hafa vitneskju um og tengjast félögunum Jeff Agents Corp og Dekhill Advisors Limited.
3. Óskað er eftir að þér veitið rannsóknarnefndinni allar upplýsingar sem þér kunnið að hafa vitneskju um hvaða aðilar báru í reynd og endanlega þá fjárhagslegu áhættu af hlutum í Eglu hf. sem Hauck & Aufhäuser hefði ella borið án tilkomu sérstakra baksamninga og hvaða aðilar báru fjárhagslega áhættu og nutu þess fjárhagslega ávinnings af viðskiptum með viðkomandi hluti í Eglu hf. sem Hauck & Aufhäuser hefði annars á sama hátt fallið í skaut.

Ef þeir aðilar sem báru áhættuna og áttu rétt til ávinningsins voru lögaðilar er óskað eftir að þér upplýsið um hvort yður sé kunnugt um hvaða einstaklingar stóðu að baki þeim lögaðilum. Ef yður er ekki kunnugt um eða rekur ekki minni til þess hvaða lögaðilar eða einstaklingar nutu endanlega fjárhagslegs ávinnings af umræddum viðskiptum er óskað eftir að þér upplýsið um hvaða lögaðilar eða einstaklingar var við undirbúning og gerð samninganna fyrirhugað að myndu njóta slíks ávinnings ef einhver yrði.

4. Höfðu þáverandi stjórn Kaupþings hf. og/eða stærstu hluthafar félagsins vitneskju um gerð samninganna og þá fjárhagslegu fyrirgreiðslu sem Kaupþing hf. veitti samkvæmt framangreindu í beinum tengslum við gerð þeirra? Ef svo, hvaða einstaklingar þá?
5. Ef þér hafið hvorki vitneskju um né rekur minni til neinna þeirra atriða sem greind eru í liðum 1-3 í þessu bréfi er óskað eftir því að þér veitið rannsóknarnefnd skýringar, að því marki sem yður kann að vera unnt, á því hvers vegna nafns yðar er getið í skjölum úr fjármálafyrirtækjum í tengslum við fjárhagslegt uppgjör þeirra samninga sem að framan er lýst.

Yður er hér með veittur frestur til kl. 15:00 þriðjudagsins 21. mars nk. til senda skriflegt svar við þessu bréfi á netfangið kjartan.bjorgvinsson@rna.is. Þar sem Alþingi hefur ályktað að rannsókn nefndarinnar skuli ljúka svo fljótt sem verða má, sbr. ályktun Alþingis frá 15. desember 2016 um breytingu á ályktun Alþingis nr. 40/145, um rannsókn á erlendri þátttöku í kaupum á 45,8% eignarhlut í Búnaðarbanka Íslands hf. o.fl., er ekki unnt að veita frekari fresti til að svara þessu bréfi.


Hafi svar yðar við bréfi nefndarinnar ekki borist innan þessa frests mun rannsóknarnefnd Alþingis líta svo á að þér hafið kosið að svara ekki bréfinu.

Vakin er athygli á því að þær upplýsingar sem fram koma í bréfi þessu eru bundnar þagnarskyldu samkvæmt 58. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Yður er því ekki heimilt að greina frá þeim opinberlega eða upplýsa óviðkomandi um innihald þeirra að svo stöddu.

Áréttá ber að þar sem fyrirspurnum rannsóknarnefndarinnar er beint til yðar persónulega og þær lúta að vitnisburði um málsatvik sem þér hafið upplifað af eigin raun væntir nefndin þess að þér undirritið í eigin nafni svarbréf yðar til nefndarinnar enda væri annað, að mati nefndarinnar, ekki í samræmi við áðurnefnt ákvæði 2. mgr. 7. gr. laga nr. 68/2011 sem fyrirspurnir nefndarinnar byggjast á eða önnur ákvæði sömu laga sem varða upplýsingaöflun og upplýsingagjöf til rannsóknarnefndar. Berist svar undirritað af öðrum en yður mun nefndin því ekki eiga annan kost en að líta svo á að þér hafið þar með kosið að svara ekki bréfi nefndarinnar.

Vakin er athygli á að ákvæði 4. mgr. 10. gr. laga nr. 68/2011 mælir fyrir um undantekningar frá m.a. skyldum til að afhenda gögn eða veita upplýsingar samkvæmt 7. gr. sömu laga. Líkt og komið hefur fram byggjast ofangreindar fyrirspurnir nefndarinnar á 2. mgr. 7. gr. Vísað er nánar til ákvæða 4. mgr. 10. gr. laganna að þessu leyti.

Virðingarfyllst,


fch. rannsóknarnefndar Alþingis

Kjartan Bjarni Björgvinsson

Rannsóknarnefnd Alþingis,
b.t. Kjartans Bjarna Björgvinssonar,
Austurvelli,
101 Reykjavík.

21. mars 2017

Vísað er í fyrirspurnarbréf þitt, dags. 15. mars sl., varðandi tiltekin atriði er varða þátttöku þýska bankans Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KgaA í kaupum Eglu hf. o.fl. á 45,8% hlut ríkisins í Búnaðarbanka Íslands árið 2003.

Í fyrirspurnarbréfi er vísað almennt til atburða sem kunna að hafa gerst fyrir um 14 árum síðan og engin gögn fylgdu með bréfinu.

Til samræmis við síðasta lið fyrirspurnarinnar þá staðfestist hér með að mig rekur ekki minni til þeirra atriða sem greind eru í lið 1-3 í bréfinu.

Virðingarfyllst,

Ágúst Guðmundsson

Reykjavík 15. mars 2017

Hr. Lýður Guðmundsson
Bretlandi

Undirritaður stýrir rannsóknarnefnd Alþingis um þátttöku þýska bankans Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGaA (H&A) í kaupum Eglu hf. o.fl. á 45,8% eignarhlut ríkisins í Búnaðarbanka Íslands hf. (BÍ) árið 2003, sbr. ályktun Alþingis frá 2. júní 2016 en forseti Alþingis fól í kjölfarið undirrituðum rannsóknina samkvæmt 2. gr. laga nr. 68/2011, um rannsóknarnefndir.

Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 68/2011, er sérhverjum, jafnt einstaklingum, stofnunum sem lögaðilum, skylt að verða við kröfu rannsóknarnefndarinnar um að láta í té gögn sem hún fer fram á. Í 2. mgr. 7. gr. er jafnframt kveðið á um að sömu aðilum og greinir í 1. mgr. sé jafnframt skylt að verða við óskum rannsóknarnefndar um að skýra skriflega frá athöfnum sínum og svara skriflega fyrirspurnum hennar.

Í ljósi upplýsinga og gagna sem nefndin hefur aflað við rannsókn sína telur nefndin rétt, áður en vinnu við skýrslu nefndarinnar lýkur, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 68/2011, að leita eftir skýringum yðar um ákveðin atriði. Sú ósk er sett fram með vísan til áðurnefnds ákvæðis 2. mgr. 7. gr. laga nr. 68/2011.

Tilfni þessa er að gögn og upplýsingar rannsóknarnefndarinnar sýna að dagana áður en skrifað var undir kaupsamning Eglu hf. og annarra lögaðila (það er hins svonefnda S-hóps) um kaup á hlut íslenska ríkisins í Búnaðarbankanum hf. 16. janúar 2003, stóð hópur manna að gerð tveggja samninga varðandi hluti Hauck & Aufhäuser í Eglu hf. á milli annars vegar Hauck & Aufhäuser og hins vegar félagsins Welling & Partners Limited, skráðu á Bresku-Jómfrúareyjum, sem Kaupping hf. útvegaði til að standa að samningunum.

Samkvæmt þeim gögnum sem rannsóknarnefndin hefur undir höndum fólu þessir samningar í meginatriðum í sér að þátttaka Hauck & Aufhäuser gegnum Eglu hf. í kaupum á

umræddum hlut ríkisins í Búnaðarbankanum var í reynd aðeins að nafni til. Rannsóknarnefndin telur ekki verða annað ráðið af þessum gögnum en að fjárfesting Hauck & Aufhäuser í gegnum Eglu hf. í, og síðar með sama hætti eignarhald á, hlutum í Búnaðarbankanum hafi vegna ákvæða fyrrgreindra samninga aðeins verið til málamynda og tímabundið. Þá verður ekki annað séð af sömu gögnum en að þýska bankanum hafi verið tryggt skadleysi af þátttöku sinni í þessum viðskiptum, hann hafi enga fjárhagslega áhættu tekið með þeim og fjárhagslegir hagsmunir bankans af þeim hafi takmarkast við þóknun sem samið var um samkvæmt samningunum en öll hagnaðarvon af umræddum hlutum í Eglu hf. þess í stað verið áskilin gagnaðila bankans að samningunum, það er Welling & Partners Limited.

Rétt er að fram komi að rannsóknarnefndin hefur einnig undir höndum gögn sem varpa ljósi á síðari framkvæmd fyrrgreindra tveggja samninga samkvæmt efni sínu og ráðstafanir sem þeim tengdust, meðal annars af hálfu starfsmanna Kaupþings hf. og Kaupthing Bank Luxembourg S.A. Má þar einkum nefna viðskipti milli Hauck & Aufhäuser og Welling & Partners Limited með umrædda hluti í Eglu hf. sem fóru fram á grundvelli ákvæða samninganna á næstu misserum eftir gerð þeirra og fjárhagslegt uppgjör sem að endingu átti sér stað á hagnaði Welling & Partners Limited vegna þeirra viðskipta.

Af gögnum rannsóknarnefndar verður ráðið að þér hafið á þessum tíma verið hluthafi í Kaupþingi gegnum félagið Meið ehf.

Í gögnum rannsóknarnefndar kemur enn fremur fram að ráðgert hafi verið að félag með heitinu Jeff Agents Corp nyti m.a. fjárhagslegs ávinnings af Welling & Partners. Þá hefur rannsóknarnefndin enn fremur undir höndum drög að samkomulagi sem bera með sér að vera á milli annars vegar félagsins KV Associates S.A., sem skráð er í Lúxemborg, og hins vegar yðar og Ágúst Guðmundssonar. Í drögunum er kveðið á um það að KV Associates S.A. stýri félaginu Jeff Agents Corp fyrir raunverulega eigendur þess, sem tilgreindir eru sem þér og Ágúst Guðmundsson. Drögin bera dagsetninguna 29. janúar 2003 en eru á sama hátt og hin tvö fyrrnefndu aðeins undirrituð af hálfu Karim Van den Ende, f.h. KV Associates S.A., en yðar og Ágúst sem annars hinna raunverulegu eigenda samkvæmt samkomulagsdrögunum.

Af gögnum rannsóknarnefndar verður ekki séð að greiðslur vegna fjárhagslegs uppgjörs Welling & Partners Limited hafi runnið með beinum hætti til Jeff Agents Corp. Í

gögnum nefndarinnar koma hins vegar fram upplýsingar um að greiðslur sem hefðu svarað til þeirra greiðslna sem renna áttu til Jeff Agents Corp samkvæmt framangreindu hafi síðar runnið til félagsins Dekhill Advisors Limited, sem skráð var á Bresku-Jómfrúareyjum 25. júlí 2005.

Í væntanlegri skýrslu rannsóknarnefndarinnar um rannsókn sína verður gerð grein fyrir framangreindum atvikum og tengdum atvikum í samræmi við fyrirbyggjandi gögn og upplýsingar rannsóknarnefndarinnar.

Í ljósi þess sem að framan er rakið er óskað eftir að þér upplýsið nefndina með skriflegu svari, sbr. áðurnefnt ákvæði 2. mgr. 7. gr. laga nr. 68/2011, um eftirfarandi atriði:

1. Óskað er eftir að þér veitið nefndinni allar upplýsingar sem þér kunnið að hafa vitneskju um og tengjast félaginu Welling & Partners og þeim viðskiptum sem lýst hefur verið hér að framan. Einkum er þá átt við, ef því er að skipta, í fyrsta lagi hvaða einstaklingar séu eða hafi verið raunverulegir eigendur þess (sem sagt endanlega, þ. á m. þá hugsanlega í gegnum aðra lögaðila) eða kynnu á öðrum grundvelli að vera eða hafa verið haghafar að eignum félagsins.

Þá er þess einnig óskað að þér upplýsið nefndina um allar þær ráðstafanir á eignum félagsins sem yður kann að vera kunnugt um sem og hverjir nutu fjárhagslegs ávinnings af fjármunum sem á einhverjum tímapunkti voru í vörslum eða undir umráðum félagsins.

2. Óskað er eftir að þér veitið rannsóknarnefndinni með sama hætti allar sömu upplýsingar og greindar eru í lið 1) sem þér kunnið að hafa vitneskju um og tengjast félögunum Jeff Agents Corp og Dekhill Advisors Limited.
3. Óskað er eftir að þér veitið rannsóknarnefndinni allar upplýsingar sem þér kunnið að hafa vitneskju um hvaða aðilar báru í reynd og endanlega þá fjárhagslegu áhættu af hlutum í Eglu hf. sem Hauck & Aufhäuser hefði ella borið án tilkomu sérstakra baksamninga og hvaða aðilar báru fjárhagslega áhættu og nutu þess fjárhagslega ávinnings af viðskiptum með viðkomandi hluti í Eglu hf. sem Hauck & Aufhäuser hefði annars á sama hátt fallið í skaut.

Ef þeir aðilar sem báru áhættuna og áttu rétt til ávinningsins voru lögaðilar er óskað eftir að þér upplýsið um hvort yður sé kunnugt um hvaða einstaklingar stóðu að baki þeim lögaðilum. Ef yður er ekki kunnugt um eða rekur ekki minni til þess hvaða lögaðilar eða einstaklingar nutu endanlega fjárhagslegs ávinnings af umræddum viðskiptum er óskað eftir að þér upplýsið um hvaða lögaðilar eða einstaklingar var við undirbúning og gerð samninganna fyrirhugað að myndu njóta slíks ávinnings ef einhver yrði.

4. Höfðu þáverandi stjórn Kaupþings hf. og/eða stærstu hluthafar félagsins vitneskju um gerð samninganna og þá fjárhagslegu fyrirgreiðslu sem Kaupþing hf. veitti samkvæmt framangreindu í beinum tengslum við gerð þeirra? Ef svo, hvaða einstaklingar þá?
5. Ef þér hafið hvorki vitneskju um né rekur minni til neinna þeirra atriða sem greind eru í liðum 1-3 í þessu bréfi er óskað eftir því að þér veitið rannsóknarnefnd skýringar, að því marki sem yður kann að vera unnt, á því hvers vegna nafns yðar er getið í skjölum úr fjármálafyrirtækjum í tengslum við fjárhagslegt uppgjör þeirra samninga sem að framan er lýst.

Yður er hér með veittur frestur til kl. 15:00 þriðjudagsins 21. mars nk. til senda skriflegt svar við þessu bréfi á netfangið kjartan.bjorgvinsson@rna.is. Þar sem Alþingi hefur ályktað að rannsókn nefndarinnar skuli ljúka svo fljótt sem verða má, sbr. ályktun Alþingis frá 15. desember 2016 um breytingu á ályktun Alþingis nr. 40/145, um rannsókn á erlendri þátttöku í kaupum á 45,8% eignarhlut í Búnaðarbanka Íslands hf. o.fl., er ekki unnt að veita frekari fresti til að svara þessu bréfi.

Hafi svar yðar við bréfi nefndarinnar ekki borist innan þessa frests mun rannsóknarnefnd Alþingis líta svo á að þér hafið kosið að svara ekki bréfinu.

Vakin er athygli á því að þær upplýsingar sem fram koma í bréfi þessu eru bundnar þagnarskyldu samkvæmt 58. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Yður er því ekki heimilt að greina frá þeim opinberlega eða upplýsa óviðkomandi um innihald þeirra að svo stöddu.

Árétta ber að þar sem fyrirspurnum rannsóknarnefndarinnar er beint til yðar persónulega og þær lúta að vitnisburði um málsatvik sem þér hafið upplifað af eigin raun væntir nefndin þess að þér undirritið í eigin nafni svarbréf yðar til nefndarinnar enda væri annað, að mati nefndarinnar, ekki í samræmi við áðurnefnt ákvæði 2. mgr. 7. gr. laga nr. 68/2011 sem fyrirspurnir nefndarinnar byggjast á eða önnur ákvæði sömu laga sem varða upplýsingaöflun og upplýsingagjöf til rannsóknarnefndar. Berist svar undirritað af öðrum en yður mun nefndin því ekki eiga annan kost en að líta svo á að þér hafið þar með kosið að svara ekki bréfi nefndarinnar.

Vakin er athygli á að ákvæði 4. mgr. 10. gr. laga nr. 68/2011 mælir fyrir um undantekningar frá m.a. skyldum til að afhenda gögn eða veita upplýsingar samkvæmt 7. gr. sömu laga. Líkt og komið hefur fram byggjast ofangreindar fyrirspurnir nefndarinnar á 2. mgr. 7. gr. Vísað er nánar til ákvæða 4. mgr. 10. gr. laganna að þessu leyti.

Virðingarfyllt,


fh. rannsóknarnefndar Alþingis

Kjartan Bjarni Björgvinsson

Rannsóknarnefnd Alþingis,
b.t. Kjartans Bjarna Björgvinssonar,
Austurvelli,
101 Reykjavík.

21. mars 2017

Við er í fyrirspurnarbréf þitt, dags. 15. mars sl., varðandi tiltekin atriði er varða þátttöku þýska bankans Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGaA í kaupum Eglu hf. o.fl. á 45,8% hlut ríkisins í Búnaðarbanka Íslands árið 2003.

Í fyrirspurnarbréfi er vísað almennt til atburða sem kunna að hafa gerst fyrir um 14 árum síðan og engin gögn fylgdu með bréfinu.

Til samræmis við síðasta lið fyrirspurnarinnar þá staðfestist hér með að mig rekur ekki minni til þeirra atriða sem greind eru í lið 1-3 í bréfinu.

Virðingarfyllt,



Lýður Guðmundsson

Reykjavík 15. mars 2017

Hr. Kristján Loftsson
Laugarásvegi 19
104 Reykjavík.

Við er til fyrri samskipta vegna rannsóknar sem Alþingi samþykkti ályktun um 2. júní 2016 á þátttöku þýska bankans Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGaA („Hauck & Aufhäuser“) í kaupum á 45,8% eignarhlut ríkisins í Búnaðarbanka Íslands hf.

Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 68/2011, er sérhverjum, jafnt einstaklingum, stofnunum sem lögaðilum, skylt að verða við kröfu rannsóknarnefndarinnar um að láta í té gögn sem hún fer fram á. Í 2. mgr. 7. gr. er jafnframt kveðið á um að sömu aðilum og greinir í 1. mgr. sé jafnframt skylt að verða við óskum rannsóknarnefndar um að skýra skriflega frá athöfnum sínum og svara skriflega fyrirspurnum hennar.

Í ljósi upplýsinga og gagna sem nefndin hefur aflað við rannsókn sína, og þess sem slík gögn og upplýsingar sýna fram á um framangreint rannsóknarefni nefndarinnar, telur nefndin rétt, áður en vinnu við skýrslu nefndarinnar lýkur, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 68/2011, að leita eftir frekari skýringum yðar um ákveðin atriði. Sú ósk er sett fram með vísan til áðurnefnds ákvæðis 2. mgr. 7. gr. laga nr. 68/2011.

Tilfni þessa er að gögn og upplýsingar rannsóknarnefndarinnar sýna að dagana áður en skrifað var undir kaupsamning Eglu hf. og annarra lögaðila (það er hins svonefnda S-hóps) um kaup á hlut íslenska ríkisins í Búnaðarbankanum hf. 16. janúar 2003, stóð hópur manna að gerð tveggja samninga varðandi hluti Hauck & Aufhäuser í Eglu hf. á milli annars vegar Hauck & Aufhäuser og hins vegar aflandsfélagsins Welling & Partners Limited, skráðu á Bresku-Jómfrúareyjum, sem Kaupþing hf. útvegaði til að standa að samningunum. Annar

samningurinn var svonefndur söluréttarsamningur (e. Put Option Agreement) og hinn varðaði veð- og tryggingaráðstafanir vegna þessara samningagerðar (e. Pledge and Security Agreement). Í þeim hópi manna sem stóð að gerð þessara samninga voru í fyrsta lagi nokkrir starfsmenn Kaupþings hf. á Íslandi og dótturfélags þess, Kaupthing Luxembourg S.A. í Lúxemborg; í öðru lagi menn sem rannsóknarnefndin telur ljóst að voru þar fulltrúar Ólafs Ólafssonar, þáverandi forstjóra Samskipa hf. og helsta forsvarsmanns S-hópsins, einkum þá Guðmundur Hjaltason, þáverandi framkvæmdastjóri hjá Samskipum hf.; og í þriðja lagi starfsmenn Hauck & Aufhäuser, einkum þá Martin Zeil, þáverandi forstöðumaður lögfræðideildar bankans.

Ekki verður séð að íslenska ríkið eða aðrar stofnanir þess hafi á nokkru stigi verið upplýst um gerð þessara samninga, efni þeirra og áhrif, sem og atvik varðandi síðari framkvæmd.

Samkvæmt þeim gögnum sem rannsóknarnefndin hefur undir höndum fólu þessir samningar í meginatriðum í sér að þátttaka Hauck & Aufhäuser gegnum Eglu hf. í kaupum á umræddum hlut ríkisins í Búnaðarbankanum var í reynd aðeins að nafni til. Rannsóknarnefndin telur ekki verða annað ráðið af þessum gögnum en að fjárfesting Hauck & Aufhäuser í gegnum Eglu hf. í, og síðar með sama hætti eignarhald á, hlutum í Búnaðarbankanum hafi vegna ákvæða fyrrgreindra samninga aðeins verið til málamynda og tímabundið. Þá verður ekki annað séð af sömu gögnum en að þýska bankanum hafi verið tryggt skadleysi af þátttöku sinni í þessum viðskiptum, hann hafi enga fjárhagslega áhættu tekið með þeim og fjárhagslegir hagsmunir bankans af þeim hafi takmarkast við þóknun sem samið var um samkvæmt samningunum en öll hagnaðarvon af umræddum hlutum í Eglu hf. þess í stað verið áskilin gagnaðila bankans að samningunum, það er fyrrgreindu aflandsfélagi, Welling & Partners Limited.

Rétt er að fram komi að rannsóknarnefndin hefur einnig undir höndum gögn sem varpa ljósi á síðari framkvæmd fyrrgreindra tveggja samninga samkvæmt efni sínu og ráðstafanir sem þeim tengdust, meðal annars af hálfu starfsmanna Kaupþings hf. og Kaupthing Bank Luxembourg S.A. Má þar einkum nefna viðskipti milli Hauck & Aufhäuser og Welling & Partners Limited með umrædda hluti í Eglu hf. sem fóru fram á grundvelli

ákvæða samninganna á næstu misserum eftir gerð þeirra og fjárhagslegt uppgjör sem að endingu átti sér stað á hagnaði aflandsfélagsins vegna þeirra viðskipta.

Í væntanlegri skýrslu rannsóknarnefndarinnar um rannsókn sína verður gerð grein fyrir framangreindum atvikum og tengdum atvikum í samræmi við fyrirbyggjandi gögn og upplýsingar rannsóknarnefndarinnar.

Rannsóknarnefndin telur ljóst að ákvarðanir um að aflandsfélagið Welling & Partners skyldi stofnað og það skyldi fara með raunverulegt eignarhald á hlut Hauck & Aufhäuser í Eglu hf. hafi að ýmsu leyti verið teknar þegar þann 10. janúar 2003. Samkvæmt gögnum nefndarinnar var þann sama dag haldinn fundur kl. 8:30 um morguninn í stjórn Kers hf., þar sem þér gegnduð stjórnarformennsku á þessum tíma. Samkvæmt fundargerð var staða mála um kaupin á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum, rædd á fundinum, og munið þér hafa setið fundinn ásamt þeim Ólafi Ólafssyni og Margeiri Danielssyni. Í fundargerð kemur fram að Ólafur Ólafsson hafi lýst stöðu mála í viðræðum við ríkið um kaupin á fundinum og greint frá því að stefnt væri að undirritun skjala vegna kaupanna á þriðjudag eða miðvikudag í vikunni á eftir, 15. eða 16. janúar 2003. Segir þar jafnframt að Ólafur hafi upplýst fundarmenn um að Hauck & Aufhäuser komi að Eglu hf. í þessu máli og Martin Zeil forstöðumaður lögfræðisviðs þýska bankans væri að yfirfara og skoða drög að skjölum og kynna sér löggjöf hér á landi.

Í ljósi þess sem að framan er rakið hefur rannsóknarnefnd Alþingis ákveðið að beina til yðar nokkrum frekari spurningum, ef yður kynni að reka frekar minni til þeirra atriða sem þær varða, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 168/2011:

1. Var yður kunnugt um að gerður hefði verið söluréttar- og veð- og tryggingarsamningur á milli Hauck & Aufhäuser og aflandsfélagsins Welling & Partners fyrir milligöngu Kaupþings hf. sem gerði það að verkum að Hauck & Aufhäuser bar í reynd enga fjárhagslega áhættu af fjárfestingu sinni í Búnaðarbankanum hf. í gegnum hlut sinn í Eglu hf. og að það var jafnframt Welling & Partners sem átti alla hagnaðarvon af viðskiptunum?

2. Hafi yður verið kunnugt um gerð þeirra samninga sem vikið er að í spurningu 1) er óskað eftir því að þér upplýsið nefndina um hvernig þér hafið öðlast vitneskju um gerð samninganna.

3. Ef yður var kunnugt um gerð samninganna er þess jafnframt óskað að þér upplýsið rannsóknarnefnd Alþingis um hvort yður sé kunnugt um hvaða lögaðilar eða einstaklingar stóðu í reynd að baki aflandsféluginu Welling & Partners sem var viðsemjandi Hauck & Aufhäuser og bar þar með í reynd þá fjárhagslegu áhættu og hagnaðarvon sem Hauck & Aufhäuser hefði fallið í skaut án tilkomu samninganna við aflandsfélagið. Ef yður er ekki kunnugt um eða rekur ekki minni til þess hvaða lögaðilar eða einstaklingar nutu endanlega fjárhagslegs ávinnings af umræddum viðskiptum er óskað eftir að þér upplýsið um hvaða lögaðilar eða einstaklingar rætt var um að kæmu að viðskiptunum á sínum tíma, að því gefnu að þér hafið vitneskju þar um.

4. Ef þér voruð aldrei upplýstur um þá samninga sem gerðir voru á milli Hauck & Aufhäuser og Welling & Partners fyrir milligöngu Kaupþings hf. og með aðkomu Guðmundar Hjaltasonar, framkvæmdastjóra Eglu hf., óskar rannsóknarnefnd Alþingis eftir því að þér veitið nefndinni skýringar á því hvers vegna slíkum upplýsingum kunni að hafa verið leynt fyrir yður, með vísan til þess að þér voruð á þessum tíma bæði stjórnarformaður og einn eigenda Kers hf., sem var næststærsti hluthafi Eglu hf., og að þátttaka Hauck & Aufhäuser var sérstaklega rædd á fundi stjórnar Kers hf. sama dag og viðræður stóðu yfir um gerð fyrrnefndra samninga.

Yður er hér með veittur frestur til kl. 15:00 þriðjudaginn 21. mars nk. til senda skriflegt svar við þessu bréfi á netfangið kiartan.bjorgvinsson@rna.is. Þar sem Alþingi hefur ályktað að rannsókn nefndarinnar skuli ljúka svo fljótt sem verða má, sbr. ályktun Alþingis frá 15. desember 2016 um breytingu á ályktun Alþingis nr. 40/145, um rannsókn á erlendra þátttöku í kaupum á 45,8% eignarhlut í Búnaðarbanka Íslands hf. o.fl., verða ekki veittir frekari frestir til að svara þessu bréfi.

Hafi svar yðar við bréfi nefndarinnar ekki borist innan þessa frests mun rannsóknarnefnd Alþingis líta svo á að þér hafið kosið að svara ekki bréfinu.

Vakin er athygli á því að þær upplýsingar sem fram koma í bréfi þessu eru bundnar þagnarskyldu samkvæmt 58. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Yður er því ekki heimilt að greina frá þeim opinberlega eða upplýsa óviðkomandi um innihald þeirra að svo stöddu.

Árétta ber að þar sem fyrirspurnum rannsóknarnefndarinnar er beint til yðar persónulega og þær lúta að vitnisburði um málsatvik sem þér hafið upplifað af eigin raun væntir nefndin þess að þér undirritið í eigin nafni svarbréf yðar til nefndarinnar enda væri annað, að mati nefndarinnar, ekki í samræmi við áður nefnt ákvæði 2. mgr. 7. gr. laga nr. 68/2011 sem fyrirspurnir nefndarinnar byggjast á eða önnur ákvæði sömu laga sem varða upplýsingaöflun og upplýsingagjöf til rannsóknarnefndar. Berist svar undirritað af öðrum en yður mun nefndin því ekki eiga annan kost en að líta svo á að þér hafið þar með kosið að svara ekki bréfi nefndarinnar.

Vakin er athygli á að ákvæði 4. mgr. 10. gr. laga nr. 68/2011 mælir fyrir um undantekningar frá m.a. skyldum til að afhenda gögn eða veita upplýsingar samkvæmt 7. gr. sömu laga. Líkt og komið hefur fram byggjast ofangreindar fyrirspurnir nefndarinnar á 2. mgr. 7. gr. Vísað er nánar til ákvæða 4. mgr. 10. gr. laganna að þessu leyti.

Virðingarfyllt,

f.h. rannsóknarnefndar Alþingis


Kjartan Bjarni Björgvinsson

Reykjavík 14 March 2017

HAUCK & AUFHÄUSER
PRIVATBANKIERS KGAA
Kaiserstraße 24
60311 Frankfurt am Main

On 2 June 2016 the Icelandic Parliament enacted a resolution that an public inquiry should be held into the sale of the Icelandic Government's stake in Bunadarbanki bank in 2003, according to Article 2 of Act No 168/2011 on public inquiries. In July 2016, the President of Parliament appointed Mr Kjartan Bjarni Björgvinsson, District Court Judge, to lead the inquiry.

The inquiry has been mainly focused on the Icelandic buyers of the shares in Bunadarbanki in 2003, in particular, whether they may have misled the Icelandic Government as to the potential role of Société Generale, and the actual participation of Hauck & Aufhäuser Privatbankiers in the privatisation of Bunadarbanki.

During the course of the inquiry a considerable amount of evidence has emerged that is pertinent to the role of Hauck & Aufhäuser and its participation mentioned above. According to this evidence, a certain staff member of the bank, Mr Martin Zeil, who at that time was the legal counsel of Hauck & Aufhäuser, engaged in secret negotiations and transactions with the offshore entity Welling & Partners Limited on behalf of the bank, which were aimed at excluding any potential financial risk of the bank in relation to the purchase of shares in Egla hf., the holding company for Bunadarbanki. To this effect, Hauck & Aufhäuser entered into a Put Option Agreement, as well as a Pledge and Security Agreement, with Welling & Partners Limited on 16 January 2003.

It follows from this evidence that Hauck & Aufhäuser was never an actual investor in the holding company of Bunadarbanki and thereby, indirectly, in Bunadarbanki itself. On the

contrary, Hauck & Aufhäuser was only holding the shares as a trustee, for other parties, which the evidence indicates that were Icelandic. As Hauck & Aufhäuser was not exposed to any financial risk regarding the nominal purchase of shares in question, it also held no expectation of gaining a profit from its involvement, apart from a set fee agreed on beforehand.


The report of the inquiry is due for publication at the end of this month. In light of the evidence described above, Hauck & Aufhäuser is hereby granted to opportunity to comment on its actual involvement in the privatisation of Bunadarbanki in 2003. In particular, Hauck & Aufhäuser is invited to answer the following questions:

1. Why did Hauck & Aufhäuser enter into the agreements with Welling and Partners Limited, mentioned above?
2. Did Hauck & Aufhäuser suggest this way of business and minimisation of risk, as described above? If not, who did?
3. Apart from Mr Martin Zeil, where there any other parties involved within Hauck & Aufhäuser, as regards the subject of the inquiry?
4. Why has Mr Peter Gatti, a managing partner of Hauck & Aufhäuser, consistently denied allegations, published in the Icelandic media, that the bank was not an actual investor in Eglá hf. the holding company of Bunadarbanki? Please note that Mr Gatti has given statements to this effect in 2003, 2005 and 2006.
5. Which parties were the beneficial owners of Welling & Partners, the offshore company that was the counterparty of Hauck & Aufhäuser in the Put-Option and Pledge and Security Agreement in 2003?
6. What was the amount of fee paid to Hauck & Aufhäuser due to its involvement in the privatisation of Bunadarbanki?
7. Are you familiar with the the offshore entity Dekhill Advisors Limited? If so, you are kindly invited to inform the inquiry as to the beneficial owners of that entity, and provide it with any information whatsoever you might have on the company.

Please note that under Icelandic law there is no longer any possibility of any criminal or civil sanctions being pursued against Hauck & Aufhäuser regarding its involvement in the events that took place in 2003 and are the subject of my investigation.

You are hereby invited to provide a reply to this letter and any comments you may have in that regard to the e-mail address: kjartan.bjorgvinsson@rna.is. Please note that due to the instructions of the Icelandic Parliament to finish the inquiry as soon as possible, your comments must be provided to the inquiry before 15:00 GMT next Monday 20 March 2017. If the inquiry has not received a reply by that time, it assumes that Hauck & Aufhäuser has declined its invitation to the comment on this letter.

Yours sincerely,



Kjartan Björn Björgvinsson